# LÖG
# GLÍMUSAMBANDS ÍSLANDS

## I. kafli
## Heiti og tilgangur

### 1. gr.

Glímusamband Íslands, skammstafað GLÍ, er æðsti aðili um allt sem viðkemur glímumálum innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ)[1].

Aðsetur og varnarþing GLÍ er í Reykjavík.

Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga.

### 2. gr.

Glímusamband Íslands er samband glímuráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga sem og annarra félaga innan ÍSÍ sem iðka og eða keppa í glímu.

### 3. gr.

Starf GLÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirstjórn glímumála.

b) Að vinna að eflingu glímunnar með þjóðinni sem þjóðaríþróttar Íslendinga.

c) Að vinna að kynningu og varðveislu þess menningararfs sem tengist glímunni.

d) Að vinna að kynningu glímunnar erlendis.

### 4. gr.

Málefnum GLÍ stjórna:

a) Glímuþing

b) Stjórn GLÍ

## II. kafli
## Þing

### 5. gr.

Glímuþing hefur æðsta vald í málefnum Glímusambands Íslands. Á glímuþingi skal marka stefnu sambandsins og taka ákvarðanir um starf þess, skipulag og fjárreiður. Ákvörðun um þingdag skal liggja fyrir eigi síðar en 1. desember ár hvert.

---

[1] Skv. 53.3gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

**6.gr.**

Halda skal reglulegt glímuþing ár hvert í febrúar eða marsmánuði. Þá skal halda aukaþing ef þörf krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Stjórn GLÍ boðar til þings með minnst eins mánaðar fyrirvara. Boða skal þingið bréflega eða með tölvutækum hætti. Með þingboði skal fylgja dagskrá, lagabreytingatillögur og breytingatillögur að reglugerðum ef einhverjar eru. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal stjórn sambandsins senda sambandsaðilum lagabreytingatillögur og drög að ályktunum sem henni hafa borist. Einnig skal hún birta ársskýrslu GLÍ á heimasíðu sambandsins um leið og hún fer í prentun. Glímuþingið er einungis lögmætt sé löglega til þess boðað.

**7.gr.**

Ef til boðunar aukaþings kemur skal það gert með sama hætti eins og um reglulegt þing væri að ræða, nema boða má aukaþing með minnst hálfs mánaðar fyrirvara. Til aukaþings skal kosið með sama hætti og til reglulegs þings. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar. Ekki má kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Um aukaþing gilda að öðru leyti sömu reglur og um reglulegt glímuþing skv. 6gr..

**8.gr.**

Rétt til setu á glímuþingi eiga fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda Glímusamband Íslands. Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur glímu innan sinna vébanda sbr. 2. gr., skal eiga rétt á einum fulltrúa með atkvæðisrétti á Glímuþingi. Viðbótar fulltrúafjöldi hvers aðila reiknast sem hér segir:

1. Einn fulltrúi fyrir allt að fimm keppendur samtals árlega á landsmótum GLÍ og fjórðungsglímum fullorðinna, í Reykjavík Skjaldarglímu Ármanns. Síðan einn fulltrúa fyrir hverja fimm eða brot úr fimm eftir það og telur hver einstaklingur aðeins einu sinni.
2. Einn fulltrúi fyrir að halda héraðsmót í glímu.

Stjórn GLÍ, varastjórn, skoðunarmenn og fastráðnir starfsmenn GLÍ, ÍSÍ og UMFÍ, fyrrverandi formenn og heiðursfélagar GLÍ, stjórn Glímudómarafélags Íslands, allir nefndarmenn GLÍ, íþróttafulltrúi, íþróttanefnd ríkisins og stjórn ÍSÍ og UMFÍ eiga rétt til að sækja glímuþing og hafa málfrelsi og tillögurétt. Auk þess getur stjórn GLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

**9.gr.**

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og fullan atkvæðisrétt skv. því. Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ef langt er og eða dýrt að sækja þingið, eða ef fulltrúar veikist eða forfallast á síðustu stundu, má þá heimila undir áður nefndum krinkumstæðum að fulltrúi fari með tvö atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sem hann er fulltrúi fyrir. Þessi undanþága gildir ekki um fulltrúa þeirra aðila sem heima eiga þar sem þingið er haldið.

Umboð til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skrifleg, frá stjórn hlutaðeigandi aðila.

### 10. gr

Á reglulegu glímuþingi skv. 6. gr. skulu m.a. eftirfarandi mál tekin til meðferðar

1. Þingsetning
2. Kosning starfsmanna þingsins
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Kosning nefnda:
    - a) Fjárhagsnefnd
    - b) Laganefnd
    - c) Allsherjarnefnd

    Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver
5. Skýrsla stjórnar:
    - a) Formanns
    - b) Gjaldkeri flytur skýrslu um fjárhag sambandsins og leggur fram endurskoðaða reikninga
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Reikningar bornir upp til samþykktar
8. Lögð fram fjárhagsáætlun
9. Lagabreytingar
10. Lagðar fram tillögur og þær teknar til umræðu
11. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær
12. Kosningar:
    - a) Formaður sambandsins
    - b) Fjórir aðalmenn í stjórn og Þrír til vara
    - c) Tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
    - d) Fulltrúa á íþróttaþing. Heimilt er að vísa fulltrúavali á íþróttaþing til stjórnar með samþykki þingsins
    - e) Þrír menn í aganefnd og þrír til vara
13. Önnur mál
14. Þingslit

## 11.gr

Að loknu hverju þingi skal stjórn sambandsins senda stjórn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands skýrslu um störf sambandsins umliðið ár, upplýsingar um hverjir skipi stjórn og aðrar trúnaðarstöður á vegum þess.[2]

# III. kafli

## Stjórn sambandsins

## 12.gr.

Stjórn Glímusambands Íslands skipa formaður, ásamt fjórum meðstjórnendum kjörnum á glímuþingi. Stjórn sambandsins ber ábyrgð á starfi og fjárreiðum sambandsins. Starfs stjórnar sambandsins er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir glímuþings
2. Vinna að eflingu glímunnar á landinu
3. Stuðla að virðingu Glímunnar sem þjóðaríþróttar Íslendinga og menningararfs
4. Að semja tillögur um glímumót, reglugerðir eða reglugerðarbreytingar og setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
5. Að koma fram á erlendum vettvangi fyrir hönd glímunnar og vera í forsvari um öll erlend samskipti glímumanna.

Stjórnin skal flytja skýrslu um starf sambandsins umliðið ár á reglulegu þingi.

## 13.gr.

Á fyrsta fundi sínum skal stjórn sambandsins skipta með sér verkum. Skal stjórnin kjósa sér:

1. Varaformann, sem er staðgengill formanns í forföllum hans.
2. Gjaldkera, sem sér um bókhald og fjárreiður sambandsins. Hann hefur umboð til fjárskuldbindinga og gerninga af hálfu þess skv. samþykktum stjórnar.
3. Ritara, sem skal halda gjörðabók sambandsins.
4. Meðstjórnandi.

## 14.gr.

Formaður boðar fundi stjórnar og er fundur löglegur sitji meirihluti stjórnar hann þ.m.t. varamenn ef aðalmenn forfallast.

# IV. kafli

## Glímudómarar

[2] Skv. 53.4gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

## 16.gr.

Til þess að slíta Glímusambandi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu glímuþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn GLÍ skal boða til innan sex mánaða. Á aukaþinginu skulu aðildarfélög eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á glímuþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um glímuþing gilda um aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta GLÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi GLÍ skulu renna.

# VI. kafli

# Heiðursviðurkenningar

## 17.gr.

Stjórn sambandsins getur kosið heiðursfélaga GLÍ.

## 18.gr.

Ævifélagar Glímusambandsins geta þeir orðið sem stjórn sambandsins samþykkir.

# VII. kafli

# Ýmis ákvæði

## 19.gr.

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera skriflegar, ef þess er óskað og því verður við komið, og skulu atkvæðaseðlar jafnan eyðilagðir að lokinni kosningu.

## 20.gr.

Ef ekki er annað tekið fram í lögum þessum skal einfaldur meirihluti ráða ákvörðun innan sambandsins.

## 21.gr.

Reikningsár sambandsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

## 22.gr.

Skoðunarmenn reikninga skulu kosnir á glímuþingi til eins árs í senn sbr. lið c í 10.gr. Skoðunarmenn reikninga yfirfara reikninga sambandsins og öll reikningsuppgjör fyrir hvert starfsár.

**23.gr.**

Aðildarfélög eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar sambandsins. Aðildarfélag skal senda stjórn sambandsins skýrslur um mót sem haldin eru. Skýrslur þessar skulu sendar sambandinu innan eins mánaðar frá mótslokum.

**24.gr.**

Aðildarfélag skal senda sambandinu ársskýrslur um störf sín fyrir 1. febrúar ár hvert. Á þessum ársskýrslum byggist fulltrúaréttur félagsins á glímuþingi sbr. 8.gr.

**25.gr.**

Stjórn sambandsins hefur frjálsan aðgang að öllum glímumótum og sýningum sem haldin eru af aðildarfélögum eða sambandinu sjálfu. Jafnframt hefur stjórnin seturétt á aðalfundum aðildarfélaganna og Glímudómarafélags Íslands.

**26.gr.**

Rísi ágreiningur um hvernig ber að skilja lög þessi sker stjórn sambandsins úr honum. Áfrýja má þeim úrskurði til Dómstóls ÍSÍ.

**27.gr.**

Lögum þessum verður aðeins breytt á glímuþingi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Leggja skal breytingar á lögunum fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar.3

**28.gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt 11. apríl 1965.

Breytt á 27. ársþingi 16. febrúar 1991

Breytt á 29. ársþingi 27. mars 1993

Breytt á 34. ársþingi 19. apríl 1998

Breytt á 37. ársþingi 3. mars 2001

Breytt á 38. ársþingi 9. mars 2002

Breytt á 41. ársþingi 4. mars 2005

Breytt á 44. ársþingi 22. febrúar 2008

Breytt á 48. ársþingi 3. mars 2012

# GLÍMULÖG

## I. ALMENN ÁKVÆÐI

**1. gr. Gildissvið**

1.1 Glímu skal þreyta samkvæmt glímulögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

**2. gr. Glímukeppni**

2.1 Helstu keppnisform í glímu eru:

1. **Hópglíma.**
   Í hópglímu glímir einn við alla og allir við einn. Sá er sigurvegari sem flesta vinninga hlýtur.
2. **Flokkaglíma.**
   Keppendum er skipt í flokka eftir aldri og / eða þyngd.
3. **Hæfniglíma.**
   Í hæfniglímu eigast glímumenn við fulla lotulengd. Metin er til einkunna framkoma, glímuhæfni og glímukunnátta.
4. **Bændaglíma.**
   Í bændaglímu keppa tveir flokkar. Fyrirliðar þeirra, bændurnir, skipa fram liðsmönnum sínum. Sá sem tapar er úr leik.
5. **Sveitaglíma.**
   Í sveitaglímu er glímt í sveitum og glímir sérhver keppandi við alla í glímusveit mótherja.
6. **Útsláttarglíma.**
   Í útsláttarglímu er sá úr leik sem tapar þeim fjölda viðureigna sem ákveðinn er í reglugerð. Fáist ekki úrslit í fyrstu lotu, þá taka keppendur sér löglega hvíld en glíma síðan til úrslita. Beita má fyrirkomulagi jafnaðarglímu.
7. **Jafnaðarglíma.**
   Í jafnaðarglímu eigast tveir keppendur við a.m.k. tvær viðureignir. Standi þeir jafnir, er þriðja viðureign glímd til úrslita.
8. **Stigaglíma.**
   Í stígaglímu er glímd hópglíma. Í stað vinnings fyrir unna viðureign fær sigurvegari stig eftir því hve fljótt hann nær að sigra í viðureigninni.

2.2 Blönduð keppni kynja er bönnuð í glímu.

2.3 Stjórn Glímusambands Íslands (GLÍ) setur reglugerðir um framkvæmd opinberra glímumóta. Ekki má breyta þeim reglugerðum innan fjögurra vikna til móts.

## II. FRAMKVÆMD GLÍMUMÓTA

**3. gr. Stjórnendur og starfsmenn glímumóta**

3.1 Opinberum glímumótum skal stjórnað af eftirtöldum aðilum:

1. Mótsnefnd, skipuð einum eða fleiri mönnum. Mótsnefnd skipar mótsstjóra.
2. Yfirdómara og tveim meðdómurum.
3. Yfirdómara og þrem hæfniglímudómurum í hæfniglímu.

4. Glímustjóra.

3.2 Aðrir starfsmenn glímumóta eru:

1. Ritarar.
2. Tímaverðir.
3. Læknir.

**4.gr. Skipun mótsnefndar**

4.1 Til undirbúnings og framkvæmda opinberra glímumóta skal skipa mótsnefnd.

4.2 Sé um landsmót að ræða skipar stjórn GLÍ mótsnefndina, nema hún feli það héraðssambandi, sérráði eða félagi.

4.3 Við önnur opinber glímumót, skipar stjórn héraðssambands eða sérráðs mótsnefndina, nema hún feli það sérstöku félagi.

**5. gr. Skipun dómara**

5.1 Stjórn Glímudómarafélags Íslands (GDÍ) skipar dómnefndir í umboði GLÍ þegar landsmót eru háð og ákveður yfirdómara.

5.2 Við önnur opinber glímumót skipar stjórn sérráðs eða héraðssambands dómara. Þessir aðilar geta falið GDÍ að skipa dómara.

5.3 Á landsmótum skal dómnefnd við flokka fullorðina skipuð landsdómurum. Í dómnefnd við flokka 16 ára og yngri skal yfirdómari hafa “A” réttindi landsdómara og meðdómendur viðeigandi réttindi. Í dómnefndum annara móta skal yfirdómari að jafnaði hafa “A” réttindi landsdómara. Ávallt skal dómnefnd skipuð dómurum með viðeigandi réttindi samkvæmt reglugerð um réttindi dómara.

5.4 Á mótum yngri flokka innan félaga, skóla og héraða er heimilt að hafa einungis einn glímudómara með viðeigandi réttindi. Heimilt er að beita sömu aðferð á landsmótum, við yngri flokka, en þá skal dómarinn hafa “A” réttindi landsdómara.

5.5 Í fjölmennum flokkaglímum og sveitaglímum þar sem fleiri en tvær sveitir keppa, er heimilt að skipa fleiri en eina dómnefnd.

5.6 Einnig er heimilt að dómarar einnar dómnefndar séu til skiptis yfirdómarar, en þó aðeins að sami yfirdómari sé ávallt við hvern flokk eða viðureign tveggja sveita.

5.7 Heimilt er að skipa eftirlitsdómara á mótum GlÍ.

5.8 Í leikskrá skal tilgreina hvernig dómnefndir eru skipaðar og hver er yfirdómari. Einnig eftirlitsdómara ef hann er.

**6. gr. Glímubúnaður**

6.1 Á glímumótum skulu keppendur klæddir glímubúningi, glímuskóm og búnir glímubelti, samkvæmt reglugerð GLÍ þar um.

6.2 Heimilt er að láta keppendur undir 11 ára aldri keppa án glímubelta.

**7. gr. Glímuvöllur**

7.1 Glímuvöllur skal vera rétthyrningur, 6 X 6 til 10 X 10 metrar að grunnfleti, eða hringur, 6 - 9 metrar að þvermáli. Heimilt er að nota minni glímuvöll í keppni yngri flokka á dýnum.

7.2 Yfirborð glímuvallar skal vera jafnfellt, hallalaust og fjaðrandi, hvort heldur er valið trégólf eða annar hentugur flötur.

7.3 Merkja skal glímuvöll greinilega með máluðum línum, eða límborða 2,5 - 5 cm. breiðum.
7.4 Utan markalína skal vera í minnsta lagi 1 - 2 metra svæði, jafnfellt glímuvelli og úr sama efni að brún, sætum eða bekkjum.
7.5 Markalínur teljast hluti mælds glímuvallar. Miðju glímuvallar skal merkja með ( X ) eða hring.
7.6 Stjórn GLÍ er heimilt að leyfa að keppt sé á dýnum sem þekja markaðan glímuvöll.

**8. gr. Meðferð kærumála**

8.1 Úrskurður dómara er úrslitadómur á glímuvelli og verður honum ekki hrundið, nema þeir hafi með dómnum brotið glímulög GLÍ, en úrskurði þeirra um byltu verður þó ekki áfrýjað.
8.2 Sé kæra vegna glímumóts kynnt munnlega á mótstað skal það gert við yfirdómara eða glímustjóra. Munnleg kæra er ekki forsenda fyrir því að skrifleg kæra verði tekin til greina.
8.3 Kærumálum skal beint til dómstóla ÍSÍ og fer um alla málsmeðferð eftir Dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ.

**9. gr. Gengið úr keppni**

9.1 Eigi skal telja með í úrslitum viðureignir þeirra sem vikið er úr einstaklingskeppni, segja sig úr henni eða ganga úr henni vegna meiðsla, en geta skal þeirra í dómsniðurstöðu.
9.2 Ef keppandi gefur viðureign, telst hann hafa sagt sig úr keppni, hvort sem er í einstaklings- eða sveitakeppni.
9.3 Þegar glímumaður, sem meiðist í aukaglímu til verðlaunasætis getur ekki lokið viðureigninni telst keppinautur hans ofar til verðlauna. Ef fleiri en tveir glímumenn eru í hópglímu til verðlaunasætis telst hinn slasaði aftastur í röðinni.

**10. gr. Mótsnefnd**

10.1 Mótsnefnd undirbýr og skipuleggur glímumót.
10.2 Sé glímumót mjög fjölmennt er mótsnefnd heimilt að skipta því í samráði við umbjóðanda sinn.
10.3 Helstu verkefni mótsnefndar eru:

1. Ákveða mótsstað velja og afmarka glímuvöll skv. 7. gr. Dómnefnd úrskurðar um lögmæti glímuvallar.
2. Auglýsa glímumót og taka á móti þátttökutilkynningum.
3. Skipa glímustjóra.
4. Ráða lækni og aðra starfsmenn. Einnig menn til að setja glímumót, afhenda verðlaun og slíta mótinu.
5. Veita dómsniðurstöðum móttöku, sjá um birtingu úrslita og skýrslugerð til réttra aðila. Tilkynna aganefnd um brot sem fram kunna að koma á leikskrá dómara.
6. Sjá um vigtun glímumanna, þegar glímt er í þyngdarflokkum, 1 - 3 tímum fyrir glímumót. Á þeim tíma er mönnum heimilt að létta sig.

7. Vera á mótsstað. Hún stjórnar þeim þáttum mótsins sem ekki falla undir verksvið glímustjóra og dómnefndar.

## III. HLUTVERK STARFSMANNA

### 11. gr. Glímustjóri

11.1 Glímustjóri skal á opinberum mótum láta hvern keppanda draga sitt keppnisnúmer áður en keppni hefst. Þó er mótsnefnd heimilt að ákveða númer keppenda fyrir mótsdag með leyfi stjórnar GLÍ.

11.2 Glímustjóri skal láta glíma eftir reglum GLÍ um niðurröðun viðureigna.

11.3 Ef skráður keppandi er ekki kominn á mótsstað 20 mínútum fyrir auglýstan byrjunartíma glímukeppni, er það á valdi glímustjóra hvort hann fær að taka þátt í keppninni.

11.4 Glímustjóri stjórnar göngu glímumanna að og frá glímuvelli, kynnir glímumenn og kallar fram til glímu. Hann sér einnig um að þeir fái löglega hvíld.

11.5 Glímustjóri stjórnar framkvæmd glímumóts og starfsmönnum utan glímuvallar.

11.6 Glímustjóri úrskurðar um þau atriði mótsins sem ekki gerast á glímuvelli. Hann hefur agavald yfir glímumönnum, starfsmönnum og áhorfendum á glímustað utan glímuvallar með undantekningum í 12. gr., 13. gr. og 14.gr.

### 12. gr. Dómnefnd

12.1 Dómnefnd sér um áður en keppni hefst að öll aðstaða og önnur atriði, sem falla undir hennar verksvið séu lögleg. Dómnefnd er sjálfstætt yfirvald á glímustað.

12.2 Telji þeir búnaði glímumanna ábótavant, samkvæmt reglugerð þar um, svo að ekki verði úr bætt þegar í stað, er þeim heimilt að vísa keppanda frá þátttöku.

12.3 Yfirdómari er formaður dómnefndar. Hann sér um að niðurstöður keppninnar séu rétt skráðar og undirritar endanlega dómsniðurstöðu, sem hann síðan afhendir formanni mótsnefndar.

12.4 Hafi glímumaður gerst gróflega brotlegur við glímulög svo varða kunni afskipti aganefndar, er dómnefnd skylt að gera grein fyrir þeim í leikskýrslu og afhenda hana formanni mótsnefndar samdægurs.

12.5 Yfirdómari stjórnar viðureign milli glímumanna og gætir þess að vera jafnan í hagstæðri aðstöðu til að fylgjast sem best með viðureignum.

12.6 Yfirdómari gefur merki með flautu þegar viðureign hefst og þegar henni lýkur, svo og hvenær sem honum þykir við þurfa í samræmi við glímulög.

12.7 Honum einum er heimilt að rjúfa viðureign og það gerir hann með því að flauta.

12.8 Yfirdómari ráðgast við meðdómara þegar honum þykir við þurfa, og ávallt skal hann leita álits þeirra ef um er að ræða viðvörun, vítabyltu eða brottvísun úr keppni.

12.9 Meðdómarar skulu taka afstöðu til alls þess er gerist í viðureign og gefa yfirdómara til kynna afstöðu sína með bendingum.

12.10 Þeir gefa merki með því að rétta upp hendi ef glímumenn stíga út fyrir markalínu og um það hvort glímubragð er tekið innan eða utan hennar.

12.11 Ennfremur ef þeir vilja ráðgast við yfirdómara eða telja að honum beri að finna að við keppanda eða vara hann við.

12.12 Hafi yfirdómari tilkynnt úrslit sem báðir meðdómarar telja röng, ber honum að afturkalla þau.
12.13 Allir úrskurðir skulu fara eftir meirihlutaáliti dómnefndar.
12.14 Eftirlitsdómari fylgist með framgangi móta, tekur við kvörtunum og gerir athugasemdir við framkvæmd móta eftir því sem þörf krefur.

**13. gr. Tímaverðir**

13.1 Tímaverðir sjá um að lotulengd sé lögleg. Þeir draga frá tafir sem verða þegar yfirdómari rýfur viðureign með flautu, þar til hún hefst að nýju.
13.2 Tímaverðir aðstoða glímustjóra við að sjá um að glímumenn fái löglega hvíld milli lota.
13.3 Þeir gefa merki með bjöllu þegar lotu er lokið.
13.4 Dómnefnd er heimilt að bæta við lotulengd vegna tafa.

**14. gr. Ritarar**

14.1 Ritarar, einn eða fleiri, færa leikskrá eftir fyrirmælum yfirdómara og glímustjóra og skila útfylltri til þeirra í lok glímumóts til staðfestingar.
14.2 Ritarar skrá í leikskrá glímuúrslit, viðvaranir, vítabyltur, brottvísanir úr glímu og önnur þau atriði sem dómnefnd telur ástæðu til að skrá og eiga sér stað á glímustað, innan glímuvallar og utan, í tengslum við glímumótið.
14.3 Ritarar skrá úrskurði glímustjóra, skv. grein 11, tl. 11.6, sbr. grein 26, hvort heldur ákvæði greinar 26, tl. 26.1, koma þegar til framkvæmda eða myndu gera það við ítrekað brot. Leikskrá með slíkri bókun skal fara með eins og segir í grein 12, tl. 12.4.

**15. gr. Læknir**

15.1 Á glímumóti skal að jafnaði læknir vera viðstaddur, eða sá sem læknir telur til þess hæfan. Þar sem glímustaður er í námunda við sjúkrahús eða viðurkennda slysavakt er ekki kvöð um nærveru læknis við glímuvöll.
15.2 Ef glímumaður meiðist eða veikist, skal yfirdómari leita úrskurðar læknis, eða staðgengils hans, sé þess kostur sbr. tl. 15.1, um það hvort glímumaður megi halda áfram keppni og skal ávallt hlíta úrskurði hans.
15.3 Telji læknir, sbr. tl. 15.1, að glímumaður sem meiðst hefur, verði fullfær um að ljúka viðureigninni síðar, er dómnefnd heimilt að veita honum frest til að ljúka henni í lok umferðarinnar.
15.4 Glímumaður tekur þátt í glímu og/eða kappmótum algjörlega á eigin ábyrgð og meiðist hann er það hans eigin ákvörðun hvort hann heldur áfram að glíma eða gengur úr keppni. Mótshaldari og stjórnendur glímumóts taka enga ábyrgð á meiðslum eða skaða, sem glímumaður verður fyrir af eigin völdum eða annarra. Í tilfellum barna og ungmenna verður dómnefnd að taka af skarið og láta þau hætta að glíma, ef þau meiðast, þó lítið sé.

## IV. SKILGREINING Á GLÍMU

### 16. gr. Meginatriði glímu

16.1 Glíman er jafnvægisíþrótt, ein tegund fangbragða, þar sem tveir glímumenn eigast við uppréttir hvor andspænis öðrum, og hafa ákveðin tök, glímutök, hvor á öðrum. Önnur tök eru óleyfileg.

16.2 Það skal vera upphaf viðureignar, að glímumenn ganga hvor til móts við annan á miðju glímuvallar og takast í hendur. Síðan stíga þeir hægra fæti fram í glímustöðu og takast glímutökum í glímubelti.

16.3 Glímutökin eru; hægri hönd með undirtaki á mittisól ofan og rétt aftan við vinstri mjöðm, vinstri hönd utanvert um hægri læról.

16.4 Glímustaða er: hægri fótur framar vinstra fæti, hæll hægri fótar móts við táberg vinstri fótar en fótbreidd á milli. Báðir fætur lítið eitt útskeifir. Í glímustöðu standi glímumenn beinir í baki og skal örlítið bil vera á milli þeirra. Þeir horfa fram yfir hægri öxl viðfangsmanns.

16.5 Glímustígandi hefst úr glímustöðu, þegar byrjunarmerki er gefið og skal vera hringhreyfing sólarsinnis. Milli sókna glímubragða skulu glímumenn taka glímustígandi.

16.6 Hreyfingar skulu vera mjúkar og armar slakir. Þegar viðureign er hafin ber glímumönnum að vera á stöðugri hreyfingu, stíga, bregða eða verjast.

16.7 Glímubragð er það er glímumaður bregður fæti fyrir eða á fætur viðfangsmanns síns, hlið hans eða mjöðm, hvort sem viðfangsmaður stendur í annan fót, báða fætur eða er allur á lofti.

16.8 Hann má við útfærslu glímubragðsins beita handafli, fóta- eða bolhreyfingu og sveiflu til þess að raska jafnvægi viðfangsmanns svo að hann hljóti byltu.

16.9 Frekari aðgerðir til að veita byltu eru eigi leyfðar en þær, sem bundnar eru glímubragði því sem á er lagt. Allt fram yfir það er **níð.**

16.10 Glímumenn valdi byltu með leyfilegum glímubrögðum á þann hátt að þeir haldi jafnvægi þegar glímubragði er lokið. Að loknu glímubragði er sækjanda leyfilegt að styðja höndum á glímuvöll.

16.11 Ekki er sækjanda leyfilegt að falla ofan á viðfangsmann sinn, þrýsta honum niður með handafli eða hrekja hann eftir glímuvellinum eftir að hann hefur komist í handvörn. **Níð er óleyfilegt í glímu.**

16.12 Bylta er jafngild, hvort sem glímumaður hlýtur hana af glímubragði sækjanda, sjálfs sín glímubragði eða af slysni.

16.13 Báðir glímumenn geta hlotið byltu í senn og nefnist það bræðrabylta og halda þeir þá áfram viðureigninni.

16.14 Varnir eru til við hverju glímubragði. Felast þær einkum í því að verjandi víkur sér úr því með mjúkum og snöggum hreyfingum, lyftir fæti eða gefur mjúklega eftir, einnig að stökkva upp úr eða yfir bragð. Styðja má hendi og hné á glímuvöll til þess að verjast byltu.

16.15 Mýkt og lipurð á að vera uppistaðan í glímuvörnum, en leyfilegt er að ýta viðfangsmanni snögglega frá sér til að komast í vörn.

16.16 Ekki má beita örmum þannig nema örstutta stund. Viðvarandi staða með bognar mjaðmir, gleiða fætur og stífa beina handleggi kallast þjösnatök og bol. **Bol er óleyfilegt í glímu.**

16.17 Ef sækjandi sækir glímubragð of langt, getur verjandi skipt um hlutverk og breytt vörn í sókn og orðið sjálfur sækjandi.

16.18 Hver viðureign skal standa lengst ákveðinn tíma sem nefnist lota. Í ákveðnum tilvikum getur lota verið án tímamarka ef glímt er til úrslita eða verðlauna. Í hæfniglímu er ávallt glímd full lotulengd.

**17. gr. Glímubrögðin**

17.1 Helstu glímubrögð eru þessi:

1. **Leggjarbragð,** tekið niðri og á lofti, utanfótar á mótstæðan fót.
2. **Krækja/ristarbragð**, niðri og á lofti, tekin utanfótar á víxlstæðan fót.
3. **Hnéhnykkur,** tekinn niðri og á lofti, utanfótar á mótstæðan fót.
4. **Hælkrókur,** tekinn niðri og á lofti, innanfótar á mót- eða víxlstæðan fót og utanfótar fyrir annan eða báða fætur.
5. **Sniðglíma,** tekin á víxlstæðan fót aftur fyrir annan eða báða fætur.
6. **Sniðglíma á lofti /lausamjöðm,** tekin á hægri eða vinstri lærhlið, með mjöðm og fæti á lofti.
7. **Mjaðmahnykkur,** tekinn með hægri eða vinstri mjöðm á mjöðm, með hnébeygju og hnykk með hnéréttu fóta.
8. **Klofbragð,** tekið með hægra eða vinstra læri á innanvert mótstætt læri viðfangsmanns.

17.2 Sveifla og hnykkur teljast ekki sérstök glímubrögð, heldur hluti sóknar til bragðs.

**V. VIÐUREIGNIN**

**18. gr. Framganga og glímutök**

18.1 Þegar glímumenn eru kallaðir fram, skulu þeir ganga hvor á móti öðrum inn að miðju glímuvallar, takast í hendur, stíga hægra fæti fram í glímustöðu, taka glímutök og bíða fyrirmæla yfirdómara.

**19. gr. Upphaf, stöðvun og lok viðureignar**

19.1 Glímumenn standi í glímustöðu þar til merki er gefið með orðinu "Stígið", þá hefja þeir glímustígandi.

19.2 Ekki má leita glímubragðs fyrr en yfirdómari gefur merki með flautu, en gæta skal hann þess að glímumenn hafi rétt glímutök og jafna aðstöðu þegar merki er gefið til sóknar.

19.3 Eftir að viðureign er hafin má enginn stöðva hana nema yfirdómari. Hann skal gæta þess vel að aldrei sé hafin sókn án þess að báðir glímumenn hafi rétt glímutök.

19.4 Sleppi verjandi glímutökum til að eyðileggja sókn, er sækjanda heimilt að sækja áfram bragð sitt.

19.5 Ef glímumenn sleppa tökum án stöðvunarmerkis, skulu þeir halda áfram viðureigninni á miðjum velli, þegar báðir hafa náð tökum.

19.6 Yfirdómari skal stöðva viðureign:

1. Ef glímumaður hefur sókn áður en flautað er.
2. Ef glímubelti aflagast eða slitnar, nema það slitni um leið og bylta verður og beltisslitin hafi skýlaust engin áhrif á byltuna.

3. Ef búningur rifnar eða skór fer af fæti.
4. Ef glímumaður stígur út fyrir markalínu glímuvallar, nema þegar bragð er tekið innan hans. Það telst stigið út fyrir glímuvöll ef hluti eða allur skósóli glímumanns er á gólfi utan markalínu.
5. Ef leiðrétta þarf eitthvað hjá glímumanni, sem ekki kallar á dóm, en gæta skal dómari þess að sú stöðvun verði ekki þeim í hag sem leiðbeina þarf.
6. Ef glímumaður gerist brotlegur við glímulög.

19.7 Þegar yfirdómari hefur tilkynnt úrslit, skulu glímumenn takast í hendur á miðju glímuvallar og ganga af honum sömu leið og þeir komu.

**20. gr. Lotulengd og hvíld**

20.1 Lotulengd manna, 16 ára og eldri er tvær mínútur, en í aldursflokkum yngri en 16 ára, ein og hálf mínúta.

20.2 Í ákveðnum tilvikum getur lota verið án tímatakmarka, ef glímt er til úrslita eða verðlauna.

20.3 Hvíld glímumanns milli viðureigna skal vera minnst fimm mínútur. Mótshaldari getur heimilað annan hvíldartíma ef sérstaklega stendur á.

## VI. BYLTUÁKVÆÐI

**21. gr. Bylta**

21.1 Það er bylta, ef læri viðfangsmanns, sitjandi, bolur, öxl, höfuð eða upphandleggur snertir glímuvöll.

21.2 Það telst einnig bylta ef glímumaður styður sig með báðum höndum samtímis, fyrir aftan bak.

21.3 Ekki telst það bylta að falla á aðra hönd aftur fyrir bak og leyfð er ein skipting yfir á hina höndina, en ekki til baka.

21.4 Það er bylta ef glímumaður fellur þannig að fót- eða handleggur verður á milli bols og glímuvallar.

21.5 Ef glímubragð er tekið innan glímuvallar, telst það lögleg bylta, þó glímumaður falli út fyrir glímuvöll.

21.6 Það telst ekki lögleg bylta, falli glímumaður út fyrir upphækkaðan pall, eða ef eitthvað er til hindrunar því, að hann komi við vörn.

21.7 Hafi glímumaður náð öruggu glímubragði þegar tímamerki er gefið, skal yfirdómari ekki stöðva viðureignina fyrr en glímubragðinu er lokið.

21.8 Fái glímumaður byltu, eftir að stöðvunarmerki er gefið, telst það ekki lögleg bylta.

21.9 Bræðrabylta telst, ef glímumenn falla báðir og hljóta löglega byltu og glíma þeir þá áfram til úrslita.

21.10 Dæma skal glímumanni byltu sem hlýtur löglega byltu ef hann veldur sækjanda falli á þann hátt að hanga í honum og draga hann niður með beltistökum eða ólöglegum handbrögðum.

## VII. BROT OG VIÐURLÖG

**22. gr. Viðurlög**

22.1 Viðurlög við brotum á leikreglum eru viðvörun, vítabylta og brottvísun úr glímu. Einnig geta dómarar beitt aðfinnslum eftir þörfum.

22.2 Yfirdómari skal bera á sér tvö litaspjöld, gult og rautt, og halda á lofti ef viðurlög eru dæmd, gult við viðvörun og rautt við vítabyltu.

**23. gr. Aðfinnsla**

23.1 Yfirdómari skal stöðva viðureign ef hann telur þörf á að finna að við glímumann, þ.e. ef glímumaður gerist brotlegur við glímulög eða meginatriði glímu.

23.2 Heimilt er að leiðbeina keppendum án aðfinnslu í flokkum undir 16 ára aldri.

**24. gr. Viðvörun**

24.1 Yfirdómari skal stöðva viðureign og vara glímumann við ef hann gerist brotlegur við glímulög eða meginatriði glímu. Ætíð skal dómari gæta þess að sú stöðvun, verði ekki þeim í hag sem brotið fremur.

24.2 Yfirdómari tilkynnir riturum um viðvörun með því að halda á lofti gulu litaspjaldi, nefna nafn þess er hann dæmir viðvörunina og brot hans.

24.3 Dæma skal viðvörun fyrir eftirtalin brot:

1 Ef glímumaður sinnir ekki aðfinnslum yfirdómara.
2. Ef glímumaður viðhefur ekki stígandi í viðureigninni.
3. Ef glímumaður sleppir tökum og beitir handbrögðum.
4. Ef glímumaður heldur viðfangsmanni sínum lengi á lofti, án þess að leita bragðs.
5. Ef glímumaður sveiflar viðfangsmanni sínum eða snýst meira en heilan hring með hann á lofti án þess að leita bragðs.
6. Ef glímumaður sækir bragð með því að láta fallast á hönd eða hné, áður en bragð er tekið eða meðan á því stendur.
7. Ef glímumaður sækir bragð með því að klemma að með fótum, svo að stöðvun verði.
8. Ef glímumaður sækir hælkrók í hnésbót svo að stöðvun verði.
9. Ef bragð er lagt á með höggi eða sparki.
10. Ef glímumaður beitir ólöglegum og / eða hættulegum brögðum.
11. Ef sækjandi níðir viðfangsmann sinn niður með því að falla á hann ofan.
12. Ef sækjandi níðir viðfangsmann sinn niður með því að hrekja hann úr handvörn.
13. Ef sækjandi níðir viðfangsmann sinn niður með því að þrýsta honum niður með handafli.
14. Ef glímumaður leitast við að hrekja viðfangsmann sinn út fyrir markalínu vallar.
15. Ef glímumaður verst með því að sleppa tökum til að ónýta sókn.
16. Ef glímumaður stendur skakkur við viðfangsmanni sínum í viðureigninni og beitir öxl.
17. Ef glímumaður heldur öðrum fæti bognum innávið á lofti milli glímubragða.
18. Ef glímumaður verst með samanklemmd hné og þyngir sig niður.
19. Ef glímumaður beitir ólöglegum og / eða hættulegum vörnum.
20. Ef verjandi hangir í sækjanda og veldur honum byltu en sleppur sjálfur við byltu.

21. Ef verjandi sleppur við byltu á þann hátt að hanga í sækjanda.
22. Ef glímumaður beitir þrávörn með því að standa fjarri viðfangsmanni, boginn í mjöðmum með bogna gleiða fætur og spyrnir við honum með beinum handleggjum, - bolast.

**25. gr. Vítabylta**

25.1 Dómnefnd dæmir glímumanni vítabyltu fyrir alvarleg brot á glímulögum.

25.2 Ef glímumanni er dæmd vítabylta tapar hann þeirri viðureign en viðfangsmaður hans hlýtur vinning.

25.3 Dæma má báðum glímumönnum vítabyltu og hlýtur þá hvorugur vinning.

25.4 Yfirdómari tilkynnir riturum vítabyltu með því að halda á lofti rauðu litaspjaldi, nefna nafn þess er hann dæmir vítabyltu og brot hans.

25.5 Dæma skal vítabyltu:

1. Ef glímumaður brýtur mjög gróflega á viðfangsmanni sínum, eða brýtur af sér þannig að meiðslahætta stafar af.
2. Ef glímumaður fær viðvörun í annað skipti í sömu viðureign.

**26. gr. Brottvísun úr glímu**

26.1 Dómnefnd skal vísa glímumanni úr keppni, hafi hann óvirt í orði eða verki, starfsmenn glímumóta, keppendur eða áhorfendur eða glímt hættulega og er mótsnefnd skylt að tilkynna það aganefnd GLÍ innan sólarhrings.

26.2 Dómnefnd framkvæmir úrskurð glímustjóra, skv. grein 11, tl. 11.6 feli úrskurðurinn í sér brottvísun glímumanns úr keppni, sbr. grein 26, tl. 26.1.

**27. gr. Framkoma á keppnisstað**

27.1 Starfsmönnum og keppendum er skylt að sýna hver öðrum kurteisi meðan glímukeppni fer fram.

**28. gr. Breytingar á glímulögum**

28.1 Breytingar á glímulögum má gera á reglulegu glímuþingi og fer með þær sem aðrar lagabreytingar. Til breytinga á glímulögum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða enda taki að minnsta kosti helmingur atkvæðisbærra þingfulltrúa þátt í atkvæðagreiðslunni.

**29. gr. Gildistaka**

29. 1 Með glímulögum þessum falla úr gildi öll eldri glímulög

Lög þessi öðlast gildi 22. febrúar 2008.

## REGLUGERÐ UM GLÍMUKEPPNI

**1. gr. Hópglíma**

1.1 Það kallast hópglíma þegar allir glíma við alla innan sama hóps.

1.2 Í hópglímu er sá sigurvegari er flesta vinninga hlýtur. Fáist ekki úrslit í viðureign skal hvorum keppanda dæmast hálfur vinningur.

1.3. Verði tveir keppendur jafnir að vinningum til verðlaunasætis, skulu þeir glíma til þrautar og án tillits til lotulengdar. Þó skal ef glímumenn yngri en 17 ára eiga í hlut og úrslit hafa eigi fengist eftir eina aukaglímu, skipta milli þeirra verðlaunum.

1.4 Verði fleiri en tveir keppendur jafnir að vinningum og eigi jafnframt möguleika á verðlaunasæti, skulu þeir keppa til úrslita í aukahópglímu með venjulegri lotulengd. Fáist þá ekki úrslit skal aukakeppnin endurtekin þar til hrein úrslit fást eða tveir verða jafnir.

1.5 Hópglímu má þreyta með jafnaðarfyrirkomulagi, þannig að allir glími jafnaðarglímu við alla. Lokið skal við jafnaðarglímur úr hverri umferð fyrir sig áður en keppni í næstu umferð hefst.

1.6. Með jöfn úrslit skal farið sem í venjulegri hópglímu.

1.7. Aukaglímur skulu ekki glímdar með jafnaðarfyrirkomulagi.

**2. gr. Flokkaglíma**

2.1 Í flokkaglímu er þátttakendum skipt eftir líkamsþunga og / eða aldri. Innan hvers hóps er glímd hópglíma eða útsláttarglíma. Einnig er heimilt að hafa opinn flokk sem er óháður þyngd.

2.2 Glímumenn flokkast eftir aldri á eftirfarandi hátt:

| **Karlar:** | | **Konur:** | |
|---|---|---|---|
| Karlar | 21 árs og eldri | ***Konur*** | ***21 árs og eldri*** |
| Unglingar | 17 - 20 ára | ***Unglingar*** | ***17 - 20 ára*** |
| Sveinar | 15 - 16 ára | Meyjar | 15 - 16 ára |
| Piltar | 13 - 14 ára | Telpur | 13 - 14 ára |
| Strákar | 11 - 12 ára | Stelpur | 11 - 12 ára |
| Hnokkar | 10 ára og yngri | Hnátur | 10 ára og yngri |

2.3 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu á Meistaramóti Íslands / Íslandsmóti í glímu við eftirfarandi þyngdir:

| **Karlar:** | **Konur:** |
|---|---|
| - 80 kg | ***- 60 kg*** |
| - 90 kg | ***- 70 kg*** |
| +90 kg | ***+70 kg*** |
| Opinn flokkur | Opinn flokkur |
| **Unglingar:** | **Unglingar:** |
| - 80 kg | - 70 kg |
| +80 kg | + 70 kg |

2.4 Aldursflokkar miðast við fæðingarár keppenda. Á mótum sem haldin eru á fyrri hluta keppnistímabils þ.e. fyrir áramót skal þó miða við aldursflokk á næsta almanaksári.
2.5 Keppendum yngri en 11 ára er óheimilt að keppa á mótum á landsvísu.
2.6 Heimilt er að hafa aðra aldurs- og þyngdarflokkaskiptingu á glímumótum samkvæmt reglugerð eða ákvörðun mótsnefndar.
2.7 Heimilt er að skipta aldursflokkum í þyngdarflokka.
2.8 Leyfilegt er glímumanni að keppa í einum aldursflokki ofar en svarar til aldurs hans.
2.9 Heimilt er glímumanni að glíma í flokki þeirra sem þyngri eru en hann.
2.10 Í sömu flokkaglímu má enginn keppa í fleiri en einum flokki. Þó er glímumönnum 17 ára og eldri leyfilegt að keppa í tveimur flokkum á Meistaramóti Íslands / Íslandsmóti í glímu, Bikarglímu Íslands og Sveitaglímu Íslands. Skal annar þeirra svara beint til aldurs hjá glímumönnum 17 - 20 ára.

**3. gr. Hæfniglíma**

3.1 Í hæfniglímu eigast glímumenn við fulla lotulengd. Metin er framkoma, glímuhæfni og glímukunnátta til einkunna.
3.2 Dómnefnd skipa:
1. Yfirdómari sem stjórnar viðureignum á glímuvelli og sér um að glíman fari löglega fram.
2. Þrír hæfniglímudómarar sem meta hverja viðureign til einkunna. Skulu þeir án þess að bera sig saman, gefa báðum glímumönnum einkunn fyrir hverja viðureign.

3.3 Sérstakir ritarar skulu skrá einkunnagjöf allra dómaranna. Einkunn hvers glímumanns í viðureign skal vera meðaleinkunn allra hæfniglímudómaranna reiknuð með tveim aukastöfum. Einkunn hvers glímumanns í hæfniglímunni skal vera meðaleinkunn allra viðureigna hans.
3.4 Verði keppendur jafnir að einkunn til verðlauna, hlýtur sá verðlaunin sem hlaut hæstu einkunn fyrir viðureign. Síðan ræður næsthæsta einkunn o.s.frv.
3.5 Við stigagjöf skulu dómarar taka tillit til eftirtalinna atriða:
3.6 **Framkoma**
Haft er í huga göngulag, kveðja og viðmót við keppinaut og drengskapur í viðureign.
3.7 **Glímuhæfni**
Glímumenn skulu standa beinir og armar þeirra slakir milli bragða. Ef glímumenn standa skakkir eða bolast, dregur það einkunn niður. Milli bragða skulu glímumenn taka glímustíganda ef þeir leita ekki glímubragða.
3.8 **Bragðfimi og varnir**
Að öðru jöfnu ber að gefa meira fyrir sókn en vörn. Réttar bragðvarnir samkvæmt glímulögum lyfta einkunn en handvarnir við gólf ekki. Ef glímumenn standa á móti brögðum dregur það einkunn niður. Ekki skal gefa sérstaklega fyrir unna glímu nema úrslitabragðið beri vott um góða bragðkunnáttu.
3.9 Dómurum ber að taka tillit til fimi, lipurðar og þols glímumanna.

3.10 Dómurum ber að taka sérstakt tillit til ef þyngdar- og aflsmunur glímumanna er mikill.

3.11 Einnig ber dómurum að taka tillit til fjölhæfni glímumanna við bragðaval og varnir.

3.12 Einkunnir hvers dómara fyrir hverja viðureign, skulu hlaupa á heilum eða hálfum. Dómarar skulu leitast við að miða einkunnirnar við eftirfarandi yfirlit:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frábært | 10 | Afar gott | 9 - 9,5 |
| Prýðisgott | 8 - 8,5 | Gott | 7 - 7,5 |
| Allgott | 6 - 6,5 | Sæmilegt | 5 - 5,5 |
| Laklegt | 4 - 4,5 | Lélegt | 3 - 3,5 |
| Afleitt | 2 - 2,5 | Mjög slæmt | 1 - 1,5 |

3.13 Ef glímumaður gerist brotlegur við glímulög sem varða viðvörun eða vítabyltu þá skulu dómarar draga 1 - 5 frá þeirri einkunn sem þeir hefðu annars gefið honum, allt eftir eðli og grófleika brotsins. Þó skal einkunnin aldrei verða lægri en núll.

3.14 Verði glímumanni það á að auðvelda viðfangsmanni sínum að fá hærri einkunn í viðureigninni ber hæfniglímudómurum að meta það til lækkunar í einkunnagjöf. Í slíkum tilvikum hafa glímudómarar heimild til að stöðva viðureign og áminna glímumenn.

3.15 Hæfniglímu má þreyta í aldurs- og þyngdarflokkum.

**4. gr. Bændaglíma**

4.1 Bændaglíma fer þannig fram að tveir flokkar keppa og fyrirliðar þeirra, bændurnir, fylkja liði sitt hvorum megin glímuvallar. Sé kosið, skal varpa hlutkesti um hvor bændanna skuli kjósa fyrr, og sendir sá er fyrr kýs mann fyrst fram.

4.2 Bóndinn skipar mönnum sínum fram til glímu.

4.3. Glímumaður má ekki þreyta tvær viðureignir samfellt nema hann standi einn uppi með bóndanum. Sá sem tapar er úr leik. Sá bændanna sem misst hefur mann, sendir fyrr fram næst og hinn bóndinn nýjan mann á móti, uns allt lið annars bóndans er fallið.

4.4 Fáist ekki úrslit í lotu, skulu aðrir sendir fram og sendir sá fyrr fram er fyrr sendi áður.

4.5 Bóndi sá er fyrr stendur einn uppi, glímir þar til hann tapar, eða hefur sigrað alla þá er uppi stóðu í hinu liðinu og þar með talið bónda þess.

4.6 Honum er frjálst að skora hinn bóndann á hólm, þótt sá hafi enn mönnum á að skipa.

4.7 Það liðið sem leggur alla liðsmenn hins hefur sigrað og það eins þótt bóndi þess sé fallinn.

4.8 Verði jafnglími í síðustu viðureign bændaglímu skal glímt til þrautar eftir löglega hvíld.

**5. gr. Sveitaglíma**

5.1 Í sveitaglímu er glímt í sveitum og glímir hver keppandi við alla í glímusveit mótherjanna. Beita má fyrirkomulagi jafnaðarglímu í sveitaglímu.

5.2 Reglugerðir kveði á um fjölda þátttakenda í hverri sveit og heimilt er að hafa jafnmarga varamenn.

5.3 Ef glímumaður gengur úr keppni áður en úrslit í viðureign eða jafnaðarglímu hafa fengist glímir varamaður hans við mótherjann þegar sá hefur fengið fulla hvíld og fá þeir tíma í heila lotu eða glíma fulla jafnaðarglímu.
5.4 Ef glímumanni er vísað úr sveitaglímu teljast óglímdar viðureignir hans tapaðar.
5.5 Í innbyrðis keppni milli fleiri en tveggja sveita má viðhafa hvort heldur er útsláttar- eða hópglímufyrirkomulag.
5.6 Reglugerðir skulu kveða á um hvernig ná eigi úrslitum ef sveitir verða jafnar að stigum hafi þær keppt sín á milli með hópglímufyrirkomulagi.

**6. gr. Útsláttarglíma**

6.1 Kappglímu má þreyta með útsláttarfyrirkomulagi. Útsláttarglímu má glíma með jafnaðarfyrirkomulagi, eða þannig að ein viðureign ráði úrslitum milli manna.
6.2 Þegar jafnaðarglíma er ekki viðhöfð kveða reglugerðir á um hvort glímt skuli til þrautar strax, eða eftir eina lotu og löglega hvíld.
6.3 Helstu tilbrigði útsláttarglímu eru:
6.4 A Sá sem tapar er úr leik en sigurvegarinn heldur áfram.
6.5 B Sama og í A-lið nema sú viðbót að þeim sem falla úr leik fyrir tveim efstu verðlaunahöfum er gefinn kostur á uppreisnarviðureign við mögulegan lægri verðlaunahafa. Skulu reglugerðir móta kveða á um nánari útfærslu.
C Menn falla úr leik eftir fleiri en eina tapaða viðureign. Nánar skilgreint í reglugerð.
D Þátttakendum er skipt í hópa. Glímumenn innan hvers hóps glíma saman hópglímu. Þeir hlutskörpustu innan hvers hóps komast áfram og mynda nýja undanúrslitahópa eða strax einn hóp þar sem glímt er til úrslita. Reglugerðir kveði á um hámarksfjölda í hverjum hópi og um fjölda þeirra sem áfram komast úr hverjum hópi.
6.6 Reglugerðir um A, C og D tilbrigði af útsláttarglímu skulu kveða á um hvort keppendum skuli raðað eftir styrkleika, eða hvort dregið skuli um númeraröð og keppendur síðan látnir glíma saman eftir reglum GLÍ um niðurröðun viðureigna í útsláttarglímu. Einnig geta reglugerðir kveðið á um að aðeins þeim sigurstranglegustu skuli raðað, þannig að þeir eigist ekki við fyrr en í úrslitum, en dregið verði um röð hinna.

**7. gr. Jafnaðarglíma**

7.1 Í jafnaðarglímu eigast tveir keppendur við a.m.k. tvær viðureignir.
7.2 Fáist ekki úrslit í lotu skal hvorum keppanda dæmast hálfur vinningur.
7.3 Hafi annar hærri vinningatölu eftir tvær lotur sigrar sá en séu þeir enn jafnir skulu þeir glíma eina viðureign enn og þá án tillits til lotulengdar. Sama gildir sé um að ræða jafnaðarglímu keppenda 17 ára og eldri með fleiri en tveimur viðureignum.
7.4 Sé um að ræða keppendur undir 17 ára aldri og úrslit hafa eigi fengist eftir þrjár viðureignir skulu þeir heyja aukaglímu með venjulegri lotulengd. Fáist þá ekki úrslit skulu báðir halda áfram keppni nema um hrein úrslit sé að ræða, þá skal skipta verðlaunum.

**8. gr. Stigaglíma**

8.1 Í stigaglímu er glímd hópglíma. Í stað vinnings fyrir unna viðureign eru gefin stig fyrir viðureignina.

8.2 Flest stig fyrir byltu í upphafi viðureignar og fæst stig fyrir jafnglími í lok lotu. Reglugerðir kveði nánar á um eftir hvaða reglum stigum fækkar þegar líður á viðureignina.

8.3 Í stigaglímu er sá sigurvegari er hæst meðaltal stiga hlýtur í sínum viðureignum.

8.4 Verði keppendur jafnir að stigum til verðlauna hlýtur þau sá er flest stig hlaut fyrir viðureign. Séu þeir enn jafnir ræður næsthæsta viðureign o.s.frv.

8.5 Stigaglímu má þreyta í aldurs- og þyngdarflokkum.

Staðfest á stjórnarfundi GLÍ 4. febrúar 1990
Breytt á stjórnarfundi GLÍ 1. október 1996 / 4. nóv. 2001 / 19. sept. 2002./1.des 2010./ 13.sept 2017

## REGLUGERÐ UM FÉLAGASKIPTI OG KEPPNISRÉTT Í GLÍMU

1.1 Keppnistímabil í glímu stendur frá 1. sept. til 31. ágúst næsta ár.

1.2 Hverjum glímumanni er einungis heimilt að keppa fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili. Sbr. þó grein 2.3.

1.3 Heimilt er 2 héraðssamböndum að senda sameiginlegt lið í sveitaglímumót á vegum Glímusambands Íslands. Fyrirkomulagið gildir eitt keppnistímabil í senn og verða þá allar sveitir þessara liða að keppa undir sama nafni.

**2. grein**

2.1 Fyrir glímumenn undir 17 ára aldri gildir sú regla að fyrsta skráning þeirra undir nafni félags á keppnistímabilinu gildir út tímabilið án þess að til formlegra félagaskipta þurfi að koma.

2.2 Hafi glímumaður 17 ára og eldri einhverju sinni keppt fyrir ákveðið félag, getur hann ekki keppt fyrir annað félag nema lögleg félagaskipti fari fram.

2.3 Ef glímumaður undir 17 ára aldri kýs að skipta um félag á keppnistímabilinu er hann hlutgengur með nýja félaginu fjórum vikum eftir að hann hefur tilkynnt félagaskiptin til GLÍ. Á þessum fjórum vikum er hann óhlutgengur til glímukeppni.

2.4 Aðeins er hægt að skipta einu sinni um félag á hverju keppnistímabili.

**3. grein**

3.1 Glímumaður öðlast keppnisrétt með nýju félagi 4 vikum eftir að tilkynning um félagaskiptin hefur borist stjórn GLÍ.

3.2 Tilkynning um félagaskipti skal vera undirrituð af glímumanninum sjálfum og forsvarsmanni fyrra félags.

3.3 Það er á ábyrgð glímumannsins sjálfs að félagaskiptin fari löglega fram

**4. grein**

4.1 Erlendum ríkisborgurum má heimila keppni í glímu fyrir íslensk íþróttafélög á öðrum mótum en þeim sem veita íslenskan meistaratitil einstaklinga - svo sem Meistaramóti og Íslandsglímu.

4.2 Um félagaskipti þeirra og keppnisrétt gilda sömu reglur og fyrir íslenska ríkisborgara enda séu þeir búsettir hérlendis og GLÍ hafi upphaflega veitt þeim keppnisleyfi.
4.3 Í sveitaglímu má hver sveit aðeins hafa á að skipa einum erlendum ríkisborgara.

**5. grein**

5.1 Erlendum ríkisborgurum má heimila þátttöku fyrir erlent félag í þeim mótum er hvorki veita íslenskan lands- eða héraðsmeistaratitil.

**6. grein**

6.1 Komi upp ágreiningur um félagaskipti eða keppnisrétt skal Dómstóll ÍSÍ úrskurða í málinu.

Staðfest 3. október 1993 / Breytt 8. júlí 1997. / Breytt 18. maí 1998.
Breytt 4. nóv. 2001. / Breytt 1. des 2010.

## REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND GLÍ

**1. grein**

1.1 Aganefnd skipa 3 menn kosnir af glímuþingi til eins árs í senn.

**2. grein**

2.1 Verkefni aganefndar er að úrskurða um þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um glímumót, bæði sem stjórn GLÍ samþykkir dómara í og önnur mót sem félög og sambönd innan GLÍ standa fyrir.

**3. grein**

3.1 Úrskurður aganefndar getur fjallað um hvort sem er brot leikmanna, félaga eða forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.

**4. grein**

4.1 Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls íþróttasamtakanna.

**5. grein**

5.1 Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.

**6. grein**

6.1 Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
6.2 Óprúðmannleg hegðun á kappmóti
6.3. Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli glímu.
6.4 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óprúðmannlega hegðun.
6.5 Að yfirgefa glímuvöll um stund eða lengur án þess að tilkynna glímustjóra það.
6.6 Að beita viðfangsmann, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.

**7. grein**

7.1 Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:

7.2 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 6.2 - 6.5 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 6.2 - 6.5 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.

7.3. Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 6.2 - 6.5 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.

7.4 Ef dómnefnd hefur vikið leikmanni af glímuvelli fyrir brot á atriði 6.6 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.

7.5 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.

**8. grein**

8.1 Brot félagsliða (eða sveita)

8.2 Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

8.3 Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

**9. grein**

9.1 Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart glímumönnum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Staðfest 1. jan. 1975. Staðfest óbreytt 3. október 1993

## REGLUGERÐ UM DÓMARARÉTTINDI OG DÓMARARPRÓF Í GLÍMU

**1. grein**

1.1 Dómararéttindi í glímu hlýtur sá sem sækir dómararnámskeið sem viðurkennt er af stjórn GLÍ og stenst dómarapróf að námskeiðinu loknu.

1.2 Rétt til að sækja dómaranámskeið hafa allir þeir sem eru fullra 18 ára.

1.3 Starfandi dómarar skulu eiga þess kost að sækja dómaranámskeið til að endurnýj þekkingu sína í öllu því sem viðkemur dómarastörfum. Ef um formlegt dómaranámskeið er að ræða er æskilegt að þeir gangist undir próf.

**2. grein**

2.1 Stjórn GDÍ ber að sjá til þess að dómaranámskeið séu haldin öðru hverju að eigin frumkvæði eða fyrir áeggjan stjórnar GLÍ.

2.2 Stjórn GDÍ getur sjálf séð um þau, eða tilnefnt námskeiðsnefnd. Í öllum tilvikum staðfestir stjórn GLÍ tilnefningu kennara á dómaranámskeið.

**3. grein**

3.1 Kennsla á námskeiðunum skal vera bæði bókleg og verkleg. Kenna skal það efni sem tekið er til prófs.

**4. grein**

4.1 Dómaraefni skulu gangast undir eftirtalin próf:

4.2 A Skriflegt próf í glímulögum og þeim reglugerðum sem dómarar og glímustjórar þurfa að kunna skil á.

4.3 B Verklegt próf í starfi glímustjóra, ritara og tímavarða.

4.4 C Verklegt próf í starfi yfir- og meðdómara, með því að dæma leikin tilvik og brot sem geta komið fram í kappglímu; einnig í starfi eftirlitsdómara.

**5. grein**

5.1 Einkunnir í hverju prófi skulu gefnar á bilinu frá 0 til 10. Próftaki stenst prófið ef hann fær ekki undir 8,0 fyrir lið A í 4. grein, ekki undir 7,0 fyrir liði B og C og aðaleinkunn ekki lægri en 8,0. Aðaleinkunn skal reiknuð þannig að liður A vegi 50%, liður B 20% og liður C 30%.

5.2 Próftaka sem fær undir lágmarkseinkunn skal gefinn kostur á að endurtaka prófið en þó ekki í fleiri en 2 liðum af 3 (A, B eða C).

**6. grein**

6.1 Að prófinu loknu fá þeir sem það standast afhent dómaraskírteini áritað af formanni GLÍ.

6.2 Skírteinin gilda til tveggja ára og endurnýjast í samræmi við réttindi á hverjum tíma, hafi dómari stundað dómarastörf á tímabilinu, sbr. 6. grein og 8. grein.

6.3 Dómarapróf gefur réttindi til starfa að loknu prófi. Réttindi glímudómara eru flokkuð í “A”, “B”, “C” og “D” með eftirfarandi hætti:

6.3.1 “D” réttindi hafa dómarar í tvö ár og veita þau meðdómararétti í héraði. Dómari með “D” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma á tveim héraðsmótum og yfir 150 viðureignir alls á héraðsmótum og öðrum mótum (grunnskólamót, innanfélagsmót). Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómarar “C” réttindi.

6.3.2 “C” réttindi hafa dómarar í tvö ár og veita þau yfirdómararéttindi í héraði. Dómari með “C” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma sem yfirdómari á tveim héraðsmótum og dæma yfir 80 viðureignir og 200 viðureignir alls sem yfirdómari eða meðdómari á héraðsmótum og öðrum mótum (grunnskólamót). Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómarar “B” réttindi.

6.3.3 “B” réttindi hafa dómarar í tvö ár og veita þau meðdómararéttindi á landsmótum. Dómari með “B” réttindi þarf að minnsta kosti að dæma á þrem landsmótum og dæma yfir 250 viðureignir á landsmótum, fjórðungsglímum og héraðsmótum. Heimilt er að uppfylla skilyrðin á einu ári. Að uppfylltum skilyrðum fá dómarar “A” réttindi.

6.3.4 “A” réttindi veita full landsdómararéttindi og þar með til að starfa sem yfirdómari á landsmótum.

Landsdómari með “A” réttindi þarf að dæma yfir 100 viðureignir sem yfirdómari á þrem landsmótum og að minnsta kosti dæma yfir 300 viðureignir alls á landsmótum og öðrum mótum sem yfirdómari og meðdómari.

6.4 Dómari með “A”, “B” eða “C” réttindi heldur áunnum réttindum nái hann að minnsta kosti 50% af viðmiðunarmörkum flokksins að meðaltali á ári miðað við síðustu tvö ár.

6.5 “D” réttindum halda dómarar dæmi þeir að minnsta kosti sem svarar ¼ viðureigna sem krafist er í þeim flokki á hverjum 2 árum.

6.6 Að minnsta kosti 50% dæmdra viðureigna þurfa að vera í flokkum fullorðina til þess að dómari haldi áunnum réttindum eða færist upp um flokk (þetta ákvæði á ekki við um “C” og “D” flokka).

6.7 “E” réttindi: Sá er útskrifast af leiðbeinendanámskeiði fyrir glímu en hefur ekki tekið glímudómarapróf fær dómaraskírteini með “E” réttindum, sem gildir til tveggja ára. Hafi hann ekki stundað dómgæslu í tvö ár eða dæmi minna en 25 viðureignir á tveim árum falla réttindin úr gildi. “E” skírteini veitir réttindi til að vera meðdómari á innanfélagsmótum. Einnig veitir “E” skírteini rétt til að dæma sem meðdómari á héraðsmótum og á landsmótum í flokkum 16 ára og yngri en sækja þarf um heimild um slíkt til GDÍ fyrir hvert mót.

6.8 Eftirlitsdómari telur eins og meðdómari á mótinu. Aðeins A-dómarar geta verið eftirlitsdómarar.

6.9 Glímustjóri með dómararéttindi, telur helming af viðureignum meðdómara í þeim flokkum sem hann stjórnar.

**7. grein**

7.1 Stjórn GDÍ skal taka saman skrá yfir glímudómara og réttindi þeirra um hver áramót og byggir á Glímuárbók tveggja síðustu ára (þ.e. nýliðins árs og næst síðasta árs). Dómaraskrá skal tilkynna til stjórnar GLÍ.

**8. grein**

8.1 Dómarar, sem ekki uppfylla kröfur einstakra flokka falla niður um flokk með sama hraða og þeir vinna sig upp um flokk (meginreglan er 2 ár), sbr. 6. grein..

8.2 Glímudómari, sem ekki dæmir viðureignir á tilgreindum mótum í 6. grein (aðeins landsmót, fjórðungsglímur og héraðsmót telja). í þrjú ár í röð missir réttindi sín og þarf að sækja dómaranámskeið og gangast undir dómarapróf að nýju.

8.3 Ef dómari sýnir áberandi vanhæfni í starfi, eða gerist brotlegur við dóms- og refsiákvæði ÍSÍ, ber stjórn GLÍ að svipta hann dómararéttindum að fenginni umsögn stjórnar GDÍ.

**9. grein.**

9.1. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest 1. jan. 1966 / Breytt 2. maí 1988 / 3. október 1993/ 12. desember 2002/ 1. des 2010.

# REGLUGERÐ UM BÚNAÐ GLÍMUMANNA Á OPINBERUM MÓTUM

**1. grein**

1.1 Aðalbúningur skal vera samfestingur eða tvískiptur búningur, þ.e. stuttermabolur og síðbuxur úr þunnu, sterku og teygjanlegu efni sem fellur vel að líkamanum.

1.2 Konum er heimilt að klæðast stutterma bol undir samfestingnum.

1.3 Utanyfir samfestinginn skulu glímumenn klæddir mittisskýlu úr þunnu teygjanlegu og sterku efni. Enga skýlu þarf ef menn eru í tvískiptum glímubúningi.

1.4 Glímumenn skulu girtir glímubelti og skal þess gætt að klæðnaður hindri ekki tök á belti.

**2. grein**

2.1 Skór skulu vera mjúkir og með leðursóla. Þeir skulu vera lausir við skarpar brúnir og krækjur. Heimilt er að nota innlegg í skóna.

**3. grein**

3.1 Ef glímt er á dýnum, skulu keppendur vera í íþróttasokkum eða glímuskóm.

**4. grein**

4.1 Glímubelti skal vera úr sterkum, flötum og 2-2,5 cm breiðum leðurborða.

4.2 Höft milli mittisólar og læróla skulu vera þrjú: tvö vinstra megin og eitt hægra megin

4.3 Bakhluti beltisins, sem nær frá hægra hafti að aftara hafti vinstra megin, skal vera 6 cm breiður og skorinn úr einum borða.

4.4 Hringjur og hnoðnaglar skulu vera skaðlaus líkama og búningi glímumanns.

4.5 Stórt glímubelti, mittisólin um það bil 105 cm löng og skal hún ná 25 cm frá fremra hafti vinstra megin. Hægra haftið og fremra vinstra haftið skulu falla niður í lærólar um lærhnútu og vera að hámarki 16 cm löng, og aftara haftið vinstra skal vera ca 30 cm langt, eða tæplega helmingi lengra en fremra haftið. Milli vinstri haftanna skal mittisólin vera 11 cm löng og úr tvöföldum borða. Milli vinstri haftanna á læról skal lærólin vera 22 cm löng. Bakhluti beltisins skal vera 30 cm langur.

4.6 Meðalstórt glímubelti er hlutfallslega eins og stórt glímubelti, mittisólin um það bil 95 cm löng og skal hún ná 22,5 cm frá fremra hafti vinstra, þá styttist hægra haftið og fremra vinstra haftið í 14,5 cm og aftara haftið vinstra í 27 cm . Áfram eru 11 cm á milli vinstri haftanna á mittisól en styttist í 20,5 cm á læról. Bakhluti beltisins skal vera 27,5 cm langur.

4.7 Lítið glímubelti er hlutfallslega eins og hin beltin, mittisólin um það bil 85 cm löng og skal hún ná 20 cm frá fremra hafti vinstra, þá styttist hægra haftið og fremra vinsra haftið í 13 cm og aftara haftið vinstra í 25 cm. Áfram eru 11 cm á milli

vinstri haftanna á mittisól en styttist í 19 cm á læról. Bakhluti beltisins skal vera 25 cm langur.

4.8 Glímubelti á konur eru eins að öllu leiti, nema að á þeim styttist bakhluti beltisins um 2,5 cm í hverri stærð.

**5. grein**

5.1 Heimilt er að hafa merki félags eða héraðssambands í barmi búnings. Heimilt er að hafa nafn keppenda á baki keppnisbúnings.

5.2 Allar auglýsingar skulu fara eftir ákvæðum reglugerðar GLÍ og ÍSÍ um auglýsingar á búnaði glímumanna.

5.3 Aðilar GLÍ skulu leita samþykkis stjórnar GLÍ fyrir glímubúningum sínum.

5.4 Mæti glímumaður til leiks í ósamþykktum búningi er heimilt að vísa honum frá keppni.

5.5 Sérstaklega skal þess gætt þegar sveit kemur til leiks að allir liðsmenn hennar séu í samstæðum búningum.

**6. grein**

6.1 Heimilt er glímumanni að nota þunnar hlífar á olnbogum og undir búningi.

**7. grein**

7.1 Óheimilt er að bera nokkra þá hluti sem skaðað gætu keppendur.

**8. grein**

8.1 Þeir sem koma til leiks í opinberu glímumóti, skulu ætíð vera í hreinum og heilum glímubúningum.

**9. grein**

9.1 Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 2004.

Staðfest 1. jan. 1975. Breytt 3. október 1993 /1. okt. 1996 / 8. júlí 1997./ 4. nóv. 2001 / 29. mars 2004 / 27. mars 2006 / 1.des 2010

## REGLUGERÐ UM AUGLÝSINGAR Á BÚNAÐI GLÍMUMANNA

**1. grein**

1.1 Rétt til að taka við greiðslu fyrir auglýsingar á búnaði glímumanna hefur GLÍ, íþrótta- og ungmennafélög, glímudeildir, íþrótta- og ungmennasambönd ef glímumenn keppa fyrir þau á opinberum mótum.

**2. grein**

2.1 Rétt til að auglýsa á búnaði glímumanna hafa fyrirtæki, félagssamtök og einstaklingar.

**3. grein**

3.1 Texti auglýsingarinnar má ekki varða neitt sem stríðir gegn hagsmunum eða hugsjónum íþróttanna.

**4. grein**

4.1 Auglýsingu á keppnisbúning má aðeins setja fyrir ofan mitti.

**5. grein**

5.1 Áður en auglýsingasamningur er gerður skal leita samþykktar stjórnar GLÍ um útlit og texta auglýsingarinnar.

**6. grein**

6.1 GLÍ ber enga fjárhagslega ábyrgð þótt auglýsingatillaga sé ekki samþykkt.

**7. grein**

7.1 Fjármuni þá sem greiddir eru fyrir auglýsingu má aðeins nota til félagsstarfsemi og mega þeir í engum tilvikum greiðast leikmönnum.

**8. grein**

8.1 Ef reglur þessar eru brotnar getur dómstóll ÍSÍ dæmt félagi eða félagsmönnum þess, allt eftir eðli brotsins, áminningu, ávítur eða að greiða fésektir.

8.2 Í grófum brotum eða endurteknum tilvikum getur dómstóllinn úrskurðað útilokun frá keppni.

8.3 Að öðru leyti en að framan greinir skulu brot á reglugerð þessari sæta viðurlögum í samræmi við dóms- og refsiákvæði ÍSÍ.

Samþykkt 17. ágúst 1979 / breytt 3. október 1993.

## REGLUGERÐ UM NEFNDIR GLÍ

**1. grein**

1.1 Stjórn GLÍ skal innan mánaðar frá Glímuþingi skipa formenn allra starfsnefnda og í samráði við þá fullskipa nefndirnar. Mótanefnd skal þó skipa árlega að lokinni Íslandsglímu.

1.2 Formanni hverrar nefndar skal senda bréflega yfirlit yfir starfssvið nefndarinnar sem gildir þá sem erindisbréf fyrir viðkomandi nefnd.

1.3 Ávallt skal sérstakur stjórnarmaður vera tengiliður hverrar nefndar.

1.4 Starfssvið nefnda eru eftirfarandi:

**2. grein Fræðslunefnd-og útbreiðslunefnd**

2.1 Nefndin skal sjá um almenna fræðslu, dómara, þjálfara, og leiðbeinenda.

2.2 Nefndin skal sjá um glímukynningu í grunnskólum og annarsstaðar og veita aðstoð félögum, deildum og öðrum sem vinna að útbreiðslu glímunnar.

**3. grein Minjasafnsnefnd**

3.1 Nefndin skal kappkosta að eignast fyrir hönd GLÍ gamlar og nýjar upptökur, kvikmyndir, bækur, blöð, myndir, heimildir og gripi sem tengjast glímu.

3.2 Allir slíkir gripir skulu skráðir og geymdir á sem bestan hátt í vörslum GLÍ.

3.3 Gripir sem tengjast glímu í annarra eigu skulu einnig skráðir eftir því sem kostur er.

**4. grein Mótanefnd**

4.1 Nefndin skal leggja stað- og tímasetningu móta GLÍ fyrir stjórn til samþykktar.

4.2 Hún skal sjá um framkvæmd umræddra móta í samráði við stjórn, þar með útvega húsnæði, innheimta mótagjöld og útvega verðlaun. Sjá til þess að reglugerðir móts og farandgripir séu til staðar á mótsstað og viðeigandi áletranir séu settar á þá.

4.3 Ráða starfsmenn móta og sjá til þess að framkvæmd þeirra fari fram með sem bestu móti og öll nauðsynleg aðstaða sé fyrir hendi.

4.4 Hún skal hafa milligöngu um beinar og óbeinar útsendingar sjónvarps frá glímumótum og sjá til þess að kynning og fréttir af þeim verði með sem bestu móti.

4.5 Nefndin skal í samráði við Glímudómarafélag Íslands gera tillögur til stjórnar GLÍ um skipan dómara og glímustjóra á umrædd mót.

4.6 Nefndin getur falið einstökum félögum og /eða héraðssamböndum framkvæmd móta.

**5. grein Ritnefnd**

5.1 Nefndin skal sjá um útgáfu á blaði GLÍ, sambandinu að kostnaðarlausu, en helst með hagnaði.

5.2 Kappkosta skal að vanda til útgáfu blaðsins og koma því út sem oftast.

5.3 Nefndin sér um að koma á framfæri alls kyns efni á heimasíðu GLÍ.

**6. grein Laganefnd**

6.1 Nefndin skal, jafnt að beiðni stjórnar GLÍ, sem eigin frumkvæði gera tillögur um nýjar reglugerðir sem nauðsynlegar þykja og einnig endurskoða gildandi lög og reglugerðir GLÍ.

6.2 Hún skal gefa umsögn um lagaleg atriði sé þess óskað af stjórn GLÍ.

**7. grein Utanríkis- og landsliðsnefnd**

7.1 Nefndin skal hafa yfirumsjón með erlendum samskiptum jafnt á stjórnunarsviði og á keppnisgrundvelli.

7.2 Hún skal leggja fram til stjórnar GLÍ val á mönnum til æfinga, sýninga og keppnisferða erlendis.

Samþykkt 3. október 1993. /Breytt 27. nóvember 1995/ 1.des 2010

**REGLUGERÐ UM STYRKLEIKALISTA GLÍ**

**1. grein**

1.1 Stjórn GLÍ gefur út lista yfir sterkustu glímumenn landsins.

**2. grein**

2.1 Á listunum verða karlar, konur og unglingar sem tekið hafa þátt í mótum sem lögð eru til grundvallar.

**3. grein**

3.1 Til grundvallar er lögð keppni í eftirtöldum mótum:
Landsmóti UMFÍ og landsmótum GLÍ **þó án Sveitaglímu**.
Í töflu 1 má sjá hversu mörg stig hægt er að fá úr mismunandi mótum og sætum.

**4. grein**

4.1 Glímumenn og konur vinna sér inn stig á áðurgreindum mótum.
4.2 Listinn er til eins árs í senn.

**5. grein**

5.1 Til lokaniðurstöðu eru stigin talin saman og deilt í með fjölda móta sem gefur svo stuðul.
5.2 Taka þarf þátt í þremur mótum á tímabili af áðurnefndum glímumótum til að vera á listanum.
5.2 Sá / sú sem er með hæsta stuðulinn er efst á listanum.

Staðfest 12. febrúar 1992 / Breytt 3. október 1993 / 27. nóvember 1995 / 8. júlí 1997 / 4. nóvember 2001 / 6. desember 2004 / 6. febrúar 2008 /28. nóvember 2011

**Tafla 1**

| Mót GLÍ | **1.s** | **2.s** | **3.s** | **4.s** | **5.s** | **6.s** | **7.s** | **8.s** | **9.s** | **10.s** | **11.s** | **12.s** | **13.s** | **14.s** | **15.s >** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslandsgl./Freyjugl. | 120 | 100 | 90 | 80 | 70 | 60 | 50 | 40 | 30 | 20 | 10 | 8 | 6 | 4 | 1 |
| Meistara. opinn fl. | 80 | 70 | 60 | 50 | 40 | 30 | 20 | 15 | 10 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Meistara. þyngdar fl. | 60 | 50 | 40 | 30 | 25 | 20 | 15 | 10 | 8 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Bikarglíman | 80 | 70 | 60 | 50 | 40 | 30 | 20 | 15 | 10 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Öldungamót | 24 | 20 | 16 | 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Landsmót UMFÍ | 60 | 50 | 40 | 30 | 25 | 20 | 15 | 10 | 8 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| Þorramót | 60 | 50 | 40 | 30 | 25 | 20 | 15 | 10 | 8 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
| **Unglingaflokkur** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Meistara./Bikar./Þor. | 24 | 20 | 16 | 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |

# REGLUGERÐ UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR GLÍ

**1. grein**

1.1 Stjórn Glímusambands Íslands má ef tilefni er til veita einstaklingum, félögum og félagasamböndum viðurkenningar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

**2. grein**

2.1 Heiðursviðurkenningar GLÍ skiptast í eftirfarandi flokka:

1. Gullmerki GLÍ
2. Silfurmerki GLÍ
3. Bronsmerki GLÍ
4. Veggskjöldur GLÍ
5. Fáni GLÍ
6. Minnispeningur

**3. grein**

3.1 Gullmerki GLÍ má veita einstaklingum fyrir langt og frábært starf í þágu glímunnar. Veitist aðeins eftir að viðkomandi hefur náð 50 ára aldri nema í sérstöku tilefni að mati stjórnar GLÍ.

**4. grein**

4.1 Silfurmerki GLÍ má veita þeim er hafa unnið vel og dyggilega að eflingu glímunnar í áratug eða lengur eftir 16 ára aldur.

**5. grein**

5.1 Bronsmerki GLÍ má veita einstaklingum fyrir góða þjónustu og starf í þágu glímunnar.

**6. grein**

6.1 Veggskjöld GLÍ má veita félögum eða héraðssamböndum fyrir mikla rækt og stuðning við glímuna til margra ára.

**7. grein**

7.1 Fána GLÍ má veita félögum eða héraðssamböndum ef tilefni er til.

**8. grein**

8.1 Minnispening GLÍ má veita í tilefni merkisglímumóta, sýninga, keppnisferða og í önnur skipti þegar stjórn GLÍ telur ástæðu til.

**9. grein**

9.1 Stjórn GLÍ ákveður hverju sinni um viðurkenningu samkvæmt 3. - 8. grein.

**10. grein**

10.1 Tillögurétt um veitingu heiðursmerkja GLÍ hafa einstakir stjórnarmenn GLÍ, stjórnir glímuráða og héraðssambanda. Tillögum skal fylgja lýsing á störfum þess aðila í þágu glímunnar sem gerð er tillaga um að sæma.

10.2 Formaður GLÍ skal að jafnaði afhenda heiðursmerki þessi, en í fjarveru hans varaformaður eða sá sem stjórn GLÍ tilnefnir.

Samþykkt á Glímuþingi 19. okt. 1969. Breytingar samþykktar 3. okt. 1993.

/ 8. ágúst 1999.

## REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS / ÍSLANDSMÓT Í GLÍMU 16 ÁRA OG YNGRI

**1. grein**

1.1 Meistaramót Íslands / Íslandsmót í glímu 16 ára og yngri er glímumót sem Glímusamband Íslands gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1 Rétt til þátttöku eiga glímumenn í félögum innan vébanda GLÍ.

**3. grein**

3.1 Mótið er flokkaglíma þar sem keppt er í aldursflokkum þ.e. hvert fæðingarár fyrir sig frá 11-16 ára aldurs (10-15 ára aldurs ef mótið er haldið að hausti).
Einnig er keppt í þyngdarflokkum innan hvers aldursflokks ef keppendur eru nógu margir.

3.2 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu við eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 8- 14 keppendur | Stærri og minni. |
| 15-21 keppendur | Stórir/ar, millivigt, og léttir/ar. |

3.3 Ef ekki er hægt að skipta jafnt í riðla skal vera fjölmennast í þyngsta flokk og svo koll af kolli.

**4. grein**

4.1 Í hverjum flokki er glímd hópglíma.

**5. grein**

5.1 Sigurvegari í hverjum flokki hlýtur Íslandsmeistaratitil.

5.2 Þrír efstu menn í hverjum flokki hljóta verðlaun til eignar.

5.3 Gefin eru stig eftir árangri, 1. sæti gefur 6 stig, annað sætið 5 stig o.s.frv. Allir keppendur í 6. sæti og neðar fá eitt stig.

5.4 Stigahæsti sambandsaðili GLÍ samanlagt fær svo farandgrip sem vinnst til eignar eftir sigur fimm skipti í röð eða tíu sinnum alls og nafnbótina Íslandsmeistari félagsliða.

**6.grein**

6.1 Auglýsa skal mótið með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

**7. grein**

7.1 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni. Þó er heimilt að skrá keppendur 16 ára og yngri samdægurs ef mótið er haldið sömu helgi og Grunnskólamót GLÍ.

**8. grein**

8.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningu dómara.

Samþykkt 19. september 2002/ Breytt 1.des 2010/Breytt 6. mars 2011/Breytt 24. ágúst. 2011

# REGLUGERÐ UM ÞORRAMÓT GLÍ

**1. grein**

1.1 Þorramót GLÍ er glímumót sem Glímusamband Íslands gengst fyrir. Skal það að jafnaði háð á þorra.

**2. grein**

2.1 Keppt skal í fimm flokkum karla; opnum flokki, tveimur þyngdarflokkum fullorðinna, yfir og undir 85 kg, flokki 17 - 20 ára og flokki 14 - 16 ára. Keppt skal í fjórum flokkum kvenna; opnum flokki, tveim þyngdarflokkum fullorðinna yfir og undir 65 kg. og í flokki 14-16 ára

**3. grein**

3.1 Þorramót GLÍ er stigaglíma, sbr. 8. gr. Reglugerðar um glímukeppni frá 4. febrúar 1990.

**4. grein**

4.1 Innan hvers flokks skal glímt skv. ákvæðum reglna um hópglímu.
4.2 Fyrir sigur í viðureign skulu hæst gefin 10 stig.
4.3 Fyrir hverjar tólf sekúndur sem líða, í þeim flokkum sem glímd er tveggja mínútna lota, dregst eitt stig frá fyrir unna viðureign.
4.4 Fyrir byltu sem veitt er í lok lotunnar fæst eitt stig.
4.5 Í þeim flokkum sem lotan er ein og hálf mínúta dregst eitt stig frá fyrir hverjar níu sekúndur.
4.6 Jafnglími gefur ekkert stig.

**5. grein**

5.1 Sigurvegari í hverjum flokki telst sá sem flest stig hlýtur og fær hann verðlaunabikar til eignar. Bikararnir skulu allir vera sömu gerðar hverju sinni.
5.2. Þrír efstu menn í hverjum flokki hljóta verðlaun til eignar.

**6. grein**

6.1 Sigurvegari mótsins telst sá flokkssigurvegari sem flest stig hlýtur að meðaltali úr sínum viðureignum, þó með því skilyrði að fyrir liggi til grundvallar meðaltal úr a.m.k. þremur viðureignum.

**7. grein**

7.1 Sigurvegari mótsins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, sem honum ber þó að skila til GLÍ eigi síðar en tveimur vikum áður en næst skal keppa um hann.
7.2 Handhafi bikarsins ber fulla ábyrgð á honum meðan hann er í vörslu hans.
7.3 Á bikarinn skal grafa nafn sigurvegara og viðeigandi ártal.
7.4 Um bikarinn skal keppa 25 sinnum, en að því loknu verður hann í vörslu GLÍ.

Staðfest 7. des. 1987 / breytt 4. mars 1990/ 12. feb. 1992/ 3. okt. 1993 / 1. okt. 1996 / 8. júlí 1997 / 4. nóv. 2001 / 12. jan. 2004 / 14. nóv. 2005/ 1.des 2010

**REGLUGERÐ UM GRUNNSKÓLAMÓT Í GLÍMU**

**1.grein**

1.1 Grunnskólamót í glímu er glímukeppni sem GLÍ gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1 Mótið er flokkaglíma þar sem glímt er í tólf bekkjum, þ.e. 5.,6.,7.,8.,9., og 10. bekk grunnskóla bæði hjá drengjum og stúlkum.

2.2 Innan hvers flokks er glímd hópglíma.

2.3 Séu keppendur 8 eða fleiri í flokki er heimilt að skipta honum í þyngdarflokka.

2.4 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu við eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 8- 14 keppendur | Stærri og minni. |
| 15-21 keppendur | Stórir/ar, millivigt, og léttir/ar. |

2.5 Ef ekki er hægt að skipta jafnt í riðla skal vera fjölmennast í þyngsta flokk og svo koll af kolli.

**3. grein**

3.1 Þrír efstu menn í hverjum flokki hljóta verðlaun til eignar.

3.2 Sá skóli sem fær flesta verðlaunahafa vinnur til varðveislu í eitt ár farandgrip sem á skal letra nafn skóla. Verði fleiri en einn skóli með jafn mörg verðlaun vinnur sá skóli sem hefur fleiri sigurvegara, ef ennþá er jafnt skal telja 2.sæti o.s.frv.

3.3 Vinni sami skólinn verðlaunagripinn þrisvar í röð eða fimm sinnum alls, er hann upp frá því eign þess skóla.

**4. grein**

4.1 Mótið skal auglýsa með ekki minna en eins mánaðar fyrirvara.

**5. grein**

5.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningar dómara.

Staðfest 26. feb. 1987 /breytt 14. september 1987 / 3. október 1993 / 8. júlí 1997/ 1.des 2010/24. ágúst 2011.

## REGLUGERÐ UM ÖLDUNGAMÓT GLÍ

**1. grein**

1.1 Öldungamót GLÍ er glímumót sem GLÍ gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1 Rétt til þátttöku eiga glímumenn í félögum innan vébanda GLÍ. Skulu karlar vera orðnir 35 ára á keppnisári en konur 30 ára.

**3. grein**

3.1 Keppt er í tveimur flokkum karla og einum flokki kvenna.

3.2 Glímumenn flokkast eftir aldri á eftirfarandi hátt:

| **Karlar:** | **Konur:** |
|---|---|
| Léttskeiðungaflokkur 35-49 ára | Kvennskörungaflokkur 30 ára og eldri |
| Heldri-mannaflokkur 50 ára og eldri | |

3.3 Séu einungis tveir eða þrír keppendur skal glímd tvöföld umferð hópglímu.

**4. grein**

4.1 Sigurvegarinn hlýtur titilinn "Íslandsmeistari öldunga í glímu."

4.2 Sigurvegari í hverjum flokki fær til varðveislu farandgrip sem á skal letra nafn sigurvegara.

**5. grein**

5.1 Auglýsa skal Öldungamót GLÍ samtímis öðrum landsglímumótum.

5.2 Þátttöku skal tilkynna eigi síðar en hálfri stundu fyrir auglýstan mótstíma.

**6. grein**

6.1 Öldungamót GLÍ skal vera öllum sem taka þátt í því til skemmtunar og frá því gengið með brosi á vör.

Staðfest á fundi GLÍ 8. júlí 1997 / 14. nóv. 2005/ 1.des 2010

## REGLUGERÐ UM FJÓRÐUNGSGLÍMUR

**1. grein Fjórðungsglíma Vesturlands**

1.1 Fjórðungsglíma Vesturlands er glímukeppni sem halda skal árlega á Vesturlandi. Rétt til þátttöku hafa allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Hrútafirði.

**2. grein Fjórðungsglíma Norðurlands**

2.1 Fjórðungsglíma Norðurlands er glímukeppni sem halda skal árlega á Norðurlandi. Rétt til þátttöku hafa allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Hrútafirði að Helkunduheiði.

**3. grein Fjórðungsglíma Austurlands**

3.1 Fjórðungsglíma Austurlands er glímukeppni sem halda skal árlega á Austurlandi. Rétt til þátttöku hafa allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Helkunduheiði til Skeiðarár.

**4. grein Fjórðungsglíma Suðurlands**

4.1 Fjórðungsglíma Suðurlands er glímukeppni sem halda skal árlega á Suðurlandi. Rétt til þátttöku hafa allir félagar íþrótta- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

**5. grein**

5.1 Allar eftirtaldar greinar í þessari reglugerð eiga jafnt við um allar Fjórðungsglímurnar.

**6. grein**

6.1 Glímusamband Íslands sér um framkvæmd þessa glímumóts eða felur það glímuráði eða héraðssambandi á umræddu svæði.

6.2 Framkvæmdaaðili skal boða til mótsins meðal keppnisaðila með nægum fyrirvara í hvert sinn.

**7. grein**

7.1 Keppt skal um veglegan verðlaunagrip í flokkum fullorðinna þ.e. karlar sem eru 17 ára eða eldri og konur sem eru 15 ára eða eldri. Á mótum sem haldin eru á fyrri

hluta keppnistímabils þ.e. fyrir áramót skal þó miða við aldur á næsta almanaksári.

7.2 Framkvæmdaaðili skal sjá um að útvega gripinn og nýjan í hans stað ef hann vinnst til eignar.

**8. grein**

8.1 Vinni sami glímumaður verðlaunagripinn þrisvar í röð eða fimm sinnum alls, vinnur hann gripinn til eignar. Nafn sigurvegara og keppnisár skal grafa á gripinn hverju sinni og skal sá aðili er sér um mótið sjá um að svo verði gert.

**9. grein**

9.1 Heimilt er framkvæmdaaðila að halda glímukeppni í yngri flokkum samhliða Fjórðungsglímunni. Framkvæmdaaðili skal skila skýrslu um mótið til GLÍ innan mánaðar frá mótsdegi.

Staðfest 3. október 1993./ Breytt 1.des 2010

## REGLUGERÐ UM ÍSLANDSGLÍMUNA
## -GRETTISBELTIÐ OGFREYJUMENIÐ-

**1. grein**

1.1 Íslandsglíman er glímumót sem Glímusamband Íslands gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1. Rétt til þátttöku hafa íslenskir karlar sem eru 17 ára eða eldri og íslenskar konur sem eru 15 ára eða eldri á almanaksárinu og eru í félögum innan vébanda GLÍ.

**3. grein**

3.1 Íslandsglíman skal að jafnaði fara fram á tímabilinu frá janúar til 19. júní.

**4. grein**

4.1 Glímt skal í karla- og kvennaflokki með hópglímufyrirkomulagi.

4.2 Stjórn GLÍ er heimilt að raða keppendum eftir styrkleika í töfluröð þannig að áþekkir menn að styrkleika eigist við í síðustu umferð.
Hafa skal hliðsjón af styrkleikalista GLÍ við þá röðun.

**5. grein**

5.1 Sigurvegari í karlaflokki hlýtur Grettisbeltið til varðveislu og sæmdarheitið Glímukóngur Íslands. Sigurvegarinn í kvennaflokki hlýtur Freyjumenið til varðveislu og sæmdarheitið Glímudrottning Íslands.

5.2 Þrír efstu menn hljóta verðlaun til eignar.

**6. grein**

6.1 Grettisbeltið og Freyjumenið eru verðlaunagripir í eigu GLÍ. Þeir vinnst aldrei til eignar.

6.2. Stjórn GLÍ skal árlega láta gera lítinn silfurskjöld með nafni beltishafa og mótsdegi og láta festa skjöldinn á beltið. Jafnframt skal elsti skjöldurinn á beltinu fjarlægður og honum komið í örugga vörslu ásamt öðrum skjöldum sem fjarlægðir hafa verið.

6.2.1 Mánuði eftir Íslandsglímu skal beltishafi afhenda stjórn GLÍ beltið til varðveislu og skal hún sjá til þess að það sé geymt á öruggum stað en þó aðgengilegt almenningi til sýnis.

6.3.1 Freyjumenið er skjöldur úr gulli og silfri með andlitsmynd konu skreyttur gulli og eðalsteinum. Á minni skildi er festur er ofan við þann stærri er tákn Freyju, hinnar norrænu ásynju. Umhverfis gripinn standa með höfðaletri orðin; FREYJA –

GLÍMUVERÐLAUN ÍSLANDS. Freyjumenið er lagt um háls sigurvegarans. Á festi þess eru 10 silfurskildir og eru á þá letruð nöfn og ártöl sigurvegara hverju sinni.

6.3.2 Þegar þessir 10 skildir eru fullskráðir eru þeir fjarlægðir og þeim komið fyrir í gripasafni GLÍ. Þá koma á festina 10 nýir óskráðir skildir.

**7. grein**

7.1 Auglýsa skal Íslandsglímu með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

**8. grein**

8.1 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

**9. grein**

9.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningu dómara.

Staðfest 18. des. 1966 / breytt 18. sept. 1978 / 17. okt. 1988 / 3. okt. 1993. / 8. júlí 1997 / 4. nóv. 2001 / 19. sept. 2002 / 14. nóv. 2005.

## REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS / ÍSLANDSMÓT Í GLÍMU 17 ÁRA OG ELDRI

**1. grein**

1.1 Glímusamband Íslands gengst árlega fyrir 3 mótum sem gefa stig til Íslandsmeistaratitils. Mótin skulu haldin á keppnistímabilinu frá 1. september til 31. maí.

1.2 GLÍ er heimilt að fela aðilum sínum að halda slík mót. Stefnt skal að því að halda þau sem víðast um landið þar sem glíma er stunduð.

**2. grein**

2.1 Mótin nefnast Meistaramót Íslands / Íslandsmót í glímu.

2.2 Einnig má kenna mótið við hugsanlega styrktaraðila.

**3. grein**

3.1 Keppt skal í tveimur flokkum unglinga 17 - 20 ára, -80 kg og +80 kg.

3.2 Keppt skal í fjórum flokkum karla 21 árs og eldri, -80 kg , -90 kg, +90 kg og í opnum flokki.

3.3 Keppt skal í þrem flokkum kvenna 17 ára og eldri, -65 kg., +65 kg og í opnum flokki.

3.4 Keppendum í Unglingaflokki er einnig leyfileg keppni í einum flokki í karlaflokki og er þá leyfilegt að keppa í sínum þyngdarflokki eða í opna flokknum.

3.5 Keppendum í karla- og kvennaflokki er leyfileg keppni í tveimur flokkum. Sé aðeins einn keppandi skráður í flokk má viðkomandi færa sig upp í þyngri flokk.

3.6 Innan hvers flokks skal glímt skv. ákvæðum reglna um hópglímu. Glímdar skulu aukaglímur um fyrstu þrjú sæti á hverju móti ef keppendur verða jafnir að vinningum.

**4. grein**

4.1 Sex fyrstu menn í hverjum flokki fá stig þannig að fyrsti maður fær sex stig,annar fimm og þannig áfram. Aðrir keppendur umfram sex til tíu fá eitt stig hver.
4.2 Stig hvers keppanda reiknast úr öllum mótunum sem haldin eru.

4.3 Keppendur geta ekki flutt áunnin stig með sér milli flokka í mótinu.
4.4 Stigatala hvers manns, í hverjum flokki, eftir tímabilið er lögð saman og sá sem fær flest stig sigrar í stigakeppni mótanna.
4.5 Séu tveir jafnir að stigum sigrar sá sem hefur fleiri 1. sæti, annars fleiri 2. sæti o.s.frv. Séu þeir enn jafnir gilda innbyrðis viðureignir þeirra úr öllum mótunum. Séu þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

**5. grein**

5.1 Þrír efstu menn hvers flokks að heildarstigatölu hljóta verðlaun.
5.2 Stigahæsti maður í hverjum flokki samanlagt hlýtur eignarbikar og nafnbótina"Íslandsmeistari unglinga, -80 kg/+80 kg" og "Íslandsmeistari karla, -80 kg/-90/+90 kg/ opinn flokkur." og "Íslandsmeistari kvenna, -65/+65/opinn flokkur."
5.3 Það lið sem er stigahæst úr öllum flokkum samanlagt hlýtur bikar og nafnbótina Íslandsmeistari félagsliða. Einnig hlýtur það lið sem er stigahæst í hverjum flokki fyrir sig nafnbótina „Íslandsmeistari unglinga“„Íslandsmeistari Karla“ og „Íslandsmeistari Kvenna“.

**6. grein**

6.1 Auglýsa skal mótin með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.
6.2 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

**7. grein**

7.1 Mótanefnd GLÍ hefur yfirumsjón með framkvæmd Meistaramóts Íslands / Íslandsmótsins, stigaútreikning og sér um afhendingu verðlauna þegar stigakeppni er lokið.

Samþykkt 19. september 2002. /Breytt 25. sept.2006/1.des2010

# REGLUGERÐ UM BIKARGLÍMU ÍSLANDS

**1. grein**

1.1 Bikarglíma Íslands er glímukeppni sem GLÍ gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1 Keppt skal í flokki unglinga 17 - 20 ára, -80 kg og +80 kg.
2.2 Keppt skal í fjórum flokkum karla 21 árs og eldri, -80 kg , -90 kg, +90 kg og í opnum flokki.
2.3 Keppt skal í þrem flokkum kvenna 17 ára og eldri, -65 kg, +65 kg og í opnum flokki.
2.4 Keppendum í Unglingaflokki er einnig leyfileg keppni í einum flokki í karlaflokki og er þá leyfilegt að keppa í sínum þyngdarflokki eða í opna flokknum.
2.5 Keppendum í karla- og kvennaflokki er leyfileg keppni í tveimur flokkum.

Sé aðeins einn keppandi skráður í flokk má viðkomandi færa sig upp í þyngri flokk.

2.6 Innan hvers flokks skal glímt skv. ákvæðum reglna um hópglímu.

**3. grein**

3.1 Séu keppendur 7 eða færri skal glímd hópglíma. Séu keppendur 8 eða fleiri skal glímd jafnaðarglíma til útsláttar þannig að sá sem tapar eigi möguleika á þriðja sæti. *Mótstjórn er heimilt að láta aðeins glíma eina glímu þegar keppt er um þriðja sætið.* Séu tveir eða þrír í flokki skal þó glímd tvöföld umferð hópglímu.

3.2 Stjórn GLÍ er heimilt að raða eftir styrkleika 2 - 4 mönnum í hverjum flokki eins og töflur í Reglugerð um glímukeppni sýna. Hafa skal hliðsjón af styrkleikalista GLÍ við þá röðun.

**4. grein**

4.1 Keppni þarf ekki að fara fram samtímis á sama stað í öllum flokkum.

**5. grein**

5.1 Þrír efstu menn hvers flokks hljóta verðlaun.

5.2 Sigurvegari í hverjum flokki hlýtur bikar til eignar en verðlaunapeningar eru veittir fyrir 2.og 3. Sæti. Sigurvegarinn hlýtur nafnbótina "Bikarmeistari unglinga -80 kg/+80 kg" og "Bikarmeistari karla -80 kg/-90/+90 kg/ opinn flokkur." og "Bikarmeistari kvenna -65/+65/opinn flokkur."

**6. grein**

6.1 Auglýsa skal Bikarglímu Íslands samtímis öðrum landsmótum GLÍ með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

6.2 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

**7. grein**

7.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningar dómara.

Staðfest 6. okt. 1974 /breytt 20. feb. 1989/ 4. mars 1990/ 3. október 1993 / 1. okt. 1996 / 8. júlí 1997 / 4. nóv. 2001 / 19. sept. 2002/ 15. nóv. 2004 / 14. nóv. 2005 / 25. sept.2006/ 1.des 2010/ 18.jan 2017.

## REGLUGERÐ UM SVEITAGLÍMU ÍSLANDS OG SVEITAGLÍMU UNGLINGA

**1. grein**

1.1 Sveitaglíma Íslands er glímukeppni sem GLÍ gengst árlega fyrir.

**2. grein**

2.1 Keppt er í fimm flokkum karla: flokki stráka 11 - 12 ára, - pilta 13 - 14 ára, - sveina 15 - 16 ára, - unglinga 17 - 20 ára og - karla 21 árs og eldri.

2.2 Keppt er í fjórum flokkum kvenna: flokki stelpna 11 - 12 ára, - telpna 13 - 14 ára, - meyja 15 - 16 ára og - kvenna 17 ára og eldri.

2.3 Heimilt er körlum 17 - 20 ára og konum 15 - 16 ára að keppa í tveim flokkum.

**3. grein**

3.1 Rétt til þátttöku eiga:

- A Einstök glímufélög
- B Héraðssambönd og íþróttabandalög.

3.2 Keppni er heimilt að halda allt að þrisvar sinnum á vetri.

3.3 Í Sveitaglímu unglinga sem haldin eru eftir 1. september skulu keppendur vera ári yngri en flokkar þeirra segja til um, þannig að aldur þeirra svari til flokksins eftir áramót á hverju keppnistímabili.

3.4 Heimilt er að láta sveitir draga í riðla ef þær eru fleiri en 5.

**4. grein**

4.1 Glímt er í sveitum þannig að einn glímir við alla í sveit andstæðinganna og sigrar sú sveit er fleiri vinninga hlýtur.

**5. grein**

5.1 Karla og unglingasveitir 17 – 20 ára skulu skipaðar 4 mönnum. Aðrar sveitir skulu skipaðar 3 mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur sveitarforingi.

5.2 Heimilt er að hafa jafnmarga varamenn er taka sæti aðalmanns eins og staða hans er þegar hann forfallast. Sveitarforingi ræður hvenær sveit grípur til varamanna.

5.4 Óheimilt er að hefja keppni nema með fullskipaða sveit.

**6. grein**

6.1 Gangi glímumaður úr keppni áður en úrslit í viðureign hafa fengist, glímir varamaður við mótherjann þegar sá hefur fengið fulla hvíld og skulu þeir glíma fulla lotu. Sá sem gengur úr fyrir varamann glímir ekki meir við þá sveit sem verið er að keppa við.

6.2 Ef enginn varamaður er til að taka sæti glímumanns sem forfallast teljast óglímdar viðureignir hans tapaðar.

6.3 Sé glímumanni vísað úr keppni teljast óglímdar viðureignir hans gegn þeirri sveit tapaðar. Varamaður tekur sæti hans í viðureign við næstu sveitir það sem eftir er mótsins.

**7. grein**

7.1 Sveitarforingi eða umboðsmaður hans dregur keppnisnúmer sveitar sinnar.

7.2 Glíma skal samkvæmt reglum um niðurröðun glímna í sveitaglímu.

7.3 Innan sveitarinnar skal sveitarforingi ætíð vera númer eitt, en hinum raðar hann þar á eftir.

7.4 Slíkur tölusettur nafnalisti skal hafa borist GLÍ, sím- eða bréfleiðis fyrir mótsdag og eftir það er óheimilt að breyta innbyrðis röð manna.

7.5 Forfallist aðalmaður fyrir keppni færast allir upp um eitt númer en varamaður kemur inn sem síðasti maður.

**8. grein**

8.1 Sveitaglíman skal háð með útsláttarfyrirkomulagi séu sveitir fjórar eða fleiri, þannig að sú sveit er úr leik sem tapar en hin heldur áfram keppni. Fyrst er dregið um röð allra sveita og glíma þá fyrst saman sveitir nr. 1 og 2 og þannig áfram þar

til fjórar sveitir eru eftir. Þá er dregið aftur og glíma saman sveitir nr. 1 og 2 og einnig 3 og 4. Þær sveitir sem sigra keppa síðan innbyrðis um 1. sæti og einnig þær sem tapa um 3. sæti.

8.2 Séu keppnissveitirnar þrjár skulu þær keppa sín í milli með hópglímufyrirkomulagi þannig að sveitir nr. 1 og 2 glíma fyrst. Sú sveit sem tapar keppir svo við þá sveit sem sat yfir. Síðan keppa þær tvær sem eftir eru. Fyrir sigur í viðureign hlýtur viðkomandi sveit eitt stig. Sú sveit sigrar er flest stig hlýtur. Verði sveitir jafnar að stigum sigrar sú er hlaut flesta vinninga. Séu þær enn jafnar skulu þær keppa til úrslita skv. 8.5.

8.3 Komi 5 sveitir til keppni í flokki skulu þær keppa innbyrðis á sama hátt og gert er í bikarglímu. Þá situr hjá sú sveit er sigraði á síðasta móti í flokknum og fær hún nr. 1. Dregið er milli hinna og fá þær nr. 2-5 eins og hér er sýnt:




8.4 Mæti 6 sveitir til keppni keppa fyrst:
a) Sveit nr. 3 frá síðasta móti við nr. 6 og b) sveit nr. 4 við nr. 5.
Sigurvegarar úr þessum viðureignum keppa við nr. 1 og nr. 2, þannig að a) keppir við nr. 2 og b) keppir við nr. 1. Síðan keppa taplið úr fyrstu umferð hvort við annað um 5. sæti, taplið úr annarri umferð um 3. sæti og sigurvegarar úr annarri umferð um 1. sæti.

8.5 Verði glímusveitir jafnar að vinningum skal glíma bráðabana, þ.e. fyrst eigast sveitarforingjar við og fáist ekki úrslit í þeirri lotu glíma menn númer tvö o.s.frv. þar til önnur sveitin fær vinning og telst hún þá sigurvegari.

**9. grein**

9.1 Sigursveitin í hverjum flokki Íslandsmóts Sveitaglímu hlýtur verðlaunagrip til varðveislu í eitt ár. Handhafi verðlaunagripsins ber ábyrgð á honum meðan hann er í vörslu hans. Gripnum skal skilað til Glímusambandsins eigi síðar en mánuði fyrir mót.

9.2 Vinni sama félagið gripinn þrisvar í röð eða fimm sinnum alls er hann upp frá því eign þess félags.

9.3 Allir þátttakendur þriggja efstu sveitanna hljóta verðlaun til eignar.

**10. grein**

10.1 Sveitaglímu Íslands og Sveitaglímu unglinga skal auglýsa samtímis öðrum landsglímumótum, með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

10.2 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

10.3 Keppni þarf ekki að fara fram samtímis á sama stað í öllum aldursflokkum.

**11. grein**

11.1 Ef keppt er tvöföld eða þreföld umferð í Sveitaglímu Íslands (17 ára og eldri) þá fær sigursveit í hverri umferð 6 stig, sveit sem hafnar í öðru sæti fær 5 stig og svo framvegis. Verði sveitir jafnar að stigum sigrar sú er hlaut flesta vinninga. Séu þær enn jafnar skulu þær keppa til úrslita skv. 8.5.

Staðfest 19. apríl 1970 /Breytt 6. okt. 1974 / 17. okt. 1977 / 18. sept. 1978 / 1980 /14. sept. 1987 / 4. mars 1990 / 3. október 1993 / 1. október 1996.
/ 8. júlí 1997 / 30. júní 1998 / 11. nóv. 1998 / 22. ágúst 1999 / 4. nóv. 2001 / 14. nóv. 2005 / 25. sept. 2006/ 1.des 2010

## REGLUGERÐ UM BIKARGLÍMU ÍSLANDS 16 ÁRA OG YNGRI

**1. grein**

1.1 Bikarglíma Íslands 16 ára og yngri er sveitaglímu-keppni sem GLÍ gengst árlega fyrir.

**2.grein**

2.1 Keppt er í þremur flokkum stráka og stelpna: flokki stráka og stelpna 11 - 12 ára, - pilta og telpna 13 - 14 ára, - sveina og meyja 15 - 16 ára.

**3.grein**

3.1 Keppt er samkvæmt reglugerð GLÍ um sveitaglímu.
3.2 Sigursveitin í hverjum flokki hlýtur verðlaunagrip til eignar.
3.3 Allir þátttakendur þriggja efstu sveitanna hljóta verðlaun til eignar.

Staðfest 1.des 2010

## REGLUGERÐ UM ICELAND OPEN

**1. grein**

1.1 Iceland Open er alþjóðlegt glímumót sem Glímusamband Íslands gengst fyrir.
1.2 Einnig má kenna mótið við hugsanlega styrktaraðila.

**2. grein**

2.1 Keppt er í karla- og kvennaflokki

**3. grein**

3.1 Rétt til þátttöku eiga:
A Íslenskir glímumenn: 15 - 20 ára
B Erlendir glímumenn, 15 ára og eldri

**4. grein**

4.1 Glímt er í sveitum þannig að hver glímir við alla í sveit andstæðinganna og sigrar sú sveit er fleiri vinninga hlýtur.
4.2 Mótsstjórn ákveður skiptingu í sveitir hverju sinni.

**5. grein**

5.1 Hver sveit skal skipuð 4 mönnum og skal einn þeirra tilnefndur sveitarforingi.

5.2 Heimilt er að hafa jafnmarga varamenn er taka sæti aðalmanns eins og staða hans er þegar hann forfallast. Sveitarforingi ræður hvenær sveit grípur til varamanna.

5.3 Óheimilt er að hefja keppni nema með fullskipaða sveit.

**6. grein**

6.1 Gangi glímumaður úr keppni áður en úrslit í viðureign hafa fengist, glímir varamaður við mótherjann þegar sá hefur fengið fulla hvíld og skulu þeir glíma fulla lotu. Sá sem gengur úr fyrir varamann glímir ekki meir við þá sveit sem verið er að keppa við.

6.2 Ef enginn varamaður er til að taka sæti glímumanns sem forfallast teljast óglímdar viðureignir hans tapaðar.

6.3 Sé glímumanni vísað úr keppni teljast óglímdar viðureignir hans gegn þeirri sveit tapaðar. Varamaður tekur sæti hans í viðureign við næstu sveitir það sem eftir er mótsins.

**7. grein**

7.1 Glíma skal samkvæmt reglum um niðurröðun glímna í sveitaglímu.

7.2 Innan sveitarinnar skal sveitarforingi ætíð vera númer eitt, en hinum raðar hann þar á eftir.

7.3 Slíkur tölusettur nafnalisti skal hafa borist GLÍ, fyrir mótsdag og eftir það er óheimilt að breyta innbyrðis röð manna.

7.4 Forfallist aðalmaður fyrir keppni færast allir upp um eitt númer en varamaður kemur inn sem síðasti maður.

**8. grein**

8.1 Stjórn GLÍ hefur frjálsar hendur með keppnisfyrirkomulag, en það þarf að liggja fyrir áður en keppni hefst hverju sinni og ekki er hægt að breyta því eftir að keppni hefur hafist.

8.2 Verði glímusveitir jafnar að vinningum skal glíma bráðabana, þ.e. fyrst eigast sveitarforingjar við og fáist ekki úrslit í þeirri lotu glíma menn númer tvö o.s.frv. þar til önnur sveitin fær vinning og telst hún þá sigurvegari.

**9. grein**

9.1 Sigursveitin í báðum flokkum hlýtur bikar til eignar.

9.2 Allir þátttakendur þriggja efstu sveitanna hljóta verðlaun til eignar.

9.3 Í hvert sinn skal veitt besta erlenda glímumanninum og þeim efnilegasta erlenda sérstök verðlaun.

**10. grein**

10.1 Iceland Open skal auglýsa samtímis öðrum glímumótum, með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

10.2 Þátttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni.

Staðfest 23. október 2006/ Breytt 1.des 2010.

# REGLUGERÐ UM LOKAHÓFSMÓT

**1. grein**

1.1 Lokahófsmót er glímukeppni sem GLÍ gengst árlega fyrir og er haldið sama dag og lokahóf GLÍ.

**2.grein**

2.1 Lokahófsmótið er sveitakeppni þar sem dregið er í lið á mótsstað.

2.2 Keppt er í karla og kvennaflokki 17 ára og eldri.

**3. grein**

3.1 Rétt til þátttöku eiga:
Íslenskir og erlendir glímumenn 17 ára og eldri.

**4. grein**

4.1 Glímt er í sveitum þannig að hver glímir við alla í sveit andstæðinganna og sigrar sú sveit er fleiri vinninga hlýtur.

**5. grein**

5.1 Mótsstjórn skipar sveitaforingja í hverja sveit og skulu þeir draga sér menn í sveit.

5.2 Hver sveit skal skipuð 3 mönnum.

5.3 Heimilt er að hafa einn varamann ef þurfa þykir í sveit.

5.4 Varamenn eru dregnir síðastir í hverja sveit.

**6. grein**

6.1 Gangi glímumaður úr keppni áður en úrslit í viðureign hafa fengist, glímir varamaður við mótherjann þegar sá hefur fengið fulla hvíld og skulu þeir glíma fulla lotu. Sá sem gengur úr fyrir varamann glímir ekki meir við þá sveit sem verið er að keppa við.

6.2 Ef enginn varamaður er til að taka sæti glímumanns sem forfallast teljast óglímdar viðureignir hans tapaðar.

6.3 Sé glímumanni vísað úr keppni teljast óglímdar viðureignir hans gegn þeirri sveit tapaðar. Varamaður tekur sæti hans í viðureign við næstu sveitir það sem eftir er mótsins.

**7. grein**

7.1 Glíma skal samkvæmt reglum um niðurröðun glímna í sveitaglímu.

7.2 Innan sveitarinnar skal sveitarforingi ætíð vera númer eitt, en hinum raðar hann þar á eftir.

**8. grein**

8.1 Stjórn GLÍ hefur frjálsar hendur með keppnisfyrirkomulag, en það þarf að liggja fyrir áður en keppni hefst hverju sinni og ekki er hægt að breyta því eftir að keppni hefur hafist.

8.2 Verði glímusveitir jafnar að vinningum skal glíma bráðabana, þ.e. fyrst eigast sveitarforingjar við og fáist ekki úrslit í þeirri lotu glíma menn númer tvö o.s.frv. þar til önnur sveitin fær vinning og telst hún þá sigurvegari.

**9. grein**

9.1 Allir þátttakendur þriggja efstu sveitanna hljóta verðlaun til eignar.

**10.grein**

10.1 Ganga skal til og frá keppni með bros á vör.

Samþykkt 1.des 2010

## Reglur um niðurröðun viðureigna í hópglímu

Viðureignum skal raðað niður eftir númerum. Útbúnir skulu seðlar og á þá ritaðar tölur, frá einum og upp í þá tölu sem keppendur eru margir. Síðan dragi keppendur hver sitt númer. Röð glímumanna skal fara eftir fyrirfram gerðri númeraskrá. Heimilt er einnig að nota alþjóðlegar töflur. Hér fylgir skrá um niðurröðun viðureigna:

**3 keppendur:**
1. 1-2
2. 1-3
3. 2-3

**4 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 1-3
4. 2-4
5. 1-4
6. 2-3

**5 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 5-1
4. 2-3
5. 4-5
6. 1-3
7. 2-4
8. 5-3
9. 1-4
10. 2-5

**6 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 1-3
5. 2-5
6. 4-6
7. 1-5
8. 3-6
9. 2-4
10. 1-6
11. 5-4
12. 3-2
13. 1-4
14. 6-2
15. 5-3

**7 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-1
5. 2-3
6. 4-5
7. 6-7
8. 1-3
9. 2-4
10. 5-7
11. 6-1
12. 3-5
13. 2-7
14. 4-6
15. 1-5
16. 3-7
17. 2-6
18. 4-1
19. 5-2
20. 3-6
21. 4-7

**8 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 1-3
6. 2-4
7. 5-7
8. 6-8
9. 1-4
10. 3-2
11. 5-8
12. 7-6
13. 1-5
14. 4-8
15. 3-7
16. 2-6
17. 1-8
18. 4-5
19. 3-6
20. 2-7
21. 1-6
22. 3-8
23. 4-7
24. 5-2
25. 1-7
26. 6-4
27. 3-5
28. 8-2

**9 keppendur:**
1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 9-1
6. 2-3
7. 4-5
8. 6-7
9. 8-9
10. 1-3
11. 2-4
12. 5-7
13. 6-8
14. 9-3
15. 1-4
16. 2-7
17. 5-8
18. 6-9
19. 3-7
20. 1-5
21. 4-8

22. 2-6
23. 9-7
24. 3-5
25. 1-8
26. 4-6
27. 2-9
28. 7-1
29. 3-8
30. 5-2
31. 4-9
32. 6-1
33. 2-8
34. 7-4
35. 5-9
36. 6-3

**10 keppendur:**

1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 9-10
6. 1-3
7. 2-4
8. 5-7
9. 6-8
10. 9-1
11. 10-3
12. 2-5
13. 4-7
14. 6-9
15. 8-10
16. 1-5
17. 3-2
18. 6-7
19. 4-10
20. 8-9
21. 3-5
22. 1-6
23. 2-7
24. 4-8
25. 10-5
26. 9-3
27. 1-7
28. 2-6
29. 8-5
30. 9-4
31. 10-1
32. 3-6
33. 2-8
34. 7-9
35. 4-1
36. 10-6
37. 3-7
38. 5-9
39. 2-10
40. 8-1
41. 4-6
42. 9-2
43. 7-10
44. 3-8
45. 4-5

**11 keppendur:**

1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 9-10
6. 11-1
7. 2-3
8. 4-5
9. 6-7
10. 8-9
11. 10-11
12. 1-3
13. 2-4
14. 5-7
15. 6-8
16. 9-11
17. 10-3
18. 1-4
19. 2-7
20. 5-8
21. 6-9
22. 11-3
23. 10-4
24. 1-7
25. 2-8
26. 5-9
27. 6-10
28. 11-4
29. 3-7
30. 1-8
31. 2-9
32. 5-10
33. 6-11
34. 4-7
35. 3-8
36. 1-9
37. 2-10
38. 5-11
39. 6-4
40. 7-9
41. 3-5
42. 8-11
43. 1-10
44. 2-6
45. 4-9
46. 7-10
47. 5-1
48. 3-6
49. 11-2
50. 8-4
51. 6-1
52. 9-3
53. 7-11
54. 2-5
55. 8-10

**12 keppendur:**

1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 9-10
6. 11-12
7. 1-3
8. 2-5
9. 4-7
10. 6-9
11. 8-11
12. 10-12
13. 1-4
14. 2-3

15. 5-7
16. 6-8
17. 11-10
18. 9-12
19. 4-2
20. 1-5
21. 3-7
22. 6-10
23. 8-12
24. 9-11
25. 4-5
26. 2-7
27. 1-6
28. 3-10
29. 8-9
30. 12-4
31. 11-5
32. 2-6
33. 7-1
34. 3-9
35. 10-8
36. 12-5
37. 11-4
38. 6-7
39. 2-9
40. 1-10
41. 3-8
42. 12-6
43. 11-7
44. 5-9
45. 4-10
46. 2-8
47. 1-12
48. 3-11
49. 7-9
50. 6-4
51. 5-10
52. 1-8
53. 2-11
54. 3-12
55. 4-9
56. 7-10
57. 5-8
58. 6-11
59. 2-12
60. 1-9
61. 3-5
62. 4-8
63. 2-10
64. 7-12
65. 11-1
66. 3-6

**13 keppendur:**

1. 1-2
2. 3-4
3. 5-6
4. 7-8
5. 9-10
6. 11-12
7. 13-1
8. 2-3
9. 4-5
10. 6-7
11. 8-9
12. 10-11
13. 12-13
14. 1-3
15. 2-4
16. 5-7
17. 6-8
18. 9-11
19. 10-12
20. 13-3
21. 1-4
22. 2-5
23. 7-9
24. 6-11
25. 8-12
26. 10-3
27. 3-5
28. 1-7
29. 4-9
30. 2-11
31. 6-12
32. 8-10
33. 13-5
34. 3-7
35. 1-9
36. 4-11
37. 2-12
38. 6-10
39. 8-13
40. 5-1
41. 3-9
42. 7-4
43. 2-10
44. 11-8
45. 6-13
46. 12-1
47. 5-9
48. 3-10
49. 7-2
50. 4-8
51. 11-13
52. 6-1
53. 12-9
54. 5-10
55. 3-8
56. 7-11
57. 2-13
58. 4-12
59. 6-9
60. 1-8
61. 5-11
62. 10-7
63. 3-12
64. 13-4
65. 2-6
66. 1-11
67. 8-5
68. 6-3
69. 9-13
70. 7-12
71. 4-10
72. 2-8
73. 5-12
74. 13-7
75. 1-10
76. 11-3
77. 4-6
78. 2-9

**Reglur um niðurröðun viðureigna í sveitaglímu**

Glímusveit sú, sem hefur félagsnafn fyrr í stafrófsröð, glímir samkvæmt fyrri dálki í eftirfarandi töflu:

**3 manna sveitir:**

1. 2-3
2. 1-2
3. 3-1
4. 1-3
5. 3-2
6. 2-1
7. 3-3
8. 2-2
9. 1-1

**4 manna sveitir:**

1. 3-4
2. 2-3
3. 1-2
4. 4-1
5. 2-4
6. 1-3
7. 4-2
8. 3-1
9. 1-4
10. 4-3
11. 3-2
12. 2-1
13. 4-4
14. 3-3
15. 2-2
16. 1-1

**5 manna sveitir:**

1. 4-5
2. 3-4
3. 2-3
4. 1-2
5. 5-1
6. 3-5
7. 2-4
8. 1-3
9. 5-2
10. 4-1
11. 2-5
12. 1-4
13. 5-3
14. 4-2
15. 3-1
16. 1-5
17. 5-4
18. 4-3
19. 3-2
20. 2-1
21. 5-5
22. 4-4
23. 3-3
24. 2-2
25. 1-1
26.

**6 manna sveitir:**

1. 5-6
2. 4-5
3. 3-4
4. 2-3
5. 1-2
6. 6-1
7. 4-6
8. 3-5
9. 2-4
10. 1-3
11. 5-2
12. 5-1
13. 3-6
14. 2-5
15. 1-4
16. 6-3
17. 5-2
18. 4-1
19. 2-6
20. 1-5
21. 6-4
22. 5-3
23. 4-2
24. 3-1
25. 1-6
26. 6-5
27. 5-4
28. 4-3
29. 3-2
30. 2-1
31. 6-6
32. 5-5
33. 4-4
34. 3-3
35. 2-2
36. 1-1

**LÖG GLÍMUDÓMARAFÉLAGS ÍSLANDS**

**1. grein**

1.1 Glímudómarafélag Íslands er samtök glímudómara, skammstafað GDÍ.

**2. grein**

2.1 Glímudómari sem er félagsbundinn innan Glímusambands Íslands, GLÍ, verður sjálfkrafa félagi í GDÍ:

**3. grein**

3.1 Tilgangur GDÍ er:

3.2 Að annast málefni glímudómara í umboði GLÍ.

3.3 Að vera fræðilegur ráðunautur GLÍ um glímulög og störf glímudómara.

3.4 Að gera glímudómara færari til að rækja störf sín.

3.5 Að efla traust glímumanna og áhorfenda til glímudómara.

3.6 Að sinna öðrum þeim málum er til heilla mega horfa glímunni eða snerta störf glímudómara.

**4. grein**

4.1 Helstu verkefni GDÍ skulu vera:

4.2 Að stuðla að því að jafnan sé til hæfilegur fjöldi viðurkenndra glímudómara.

4.3 Að standa fyrir fræðslu- og kynningarstarfsemi meðal glímudómara.

4.4 Að beita sér fyrir samræmdri túlkun glímudómara á gildandi glímulögum.

4.5 Að tilnefna dómnefndir á landsmót og önnur glímumót sé þess farið á leit.

4.6 Að halda skrá um alla viðurkennda glímudómara og störf þeirra.

**5. grein**

5.1 Til dómarastarfa má aðeins skipa dómara sem hafa gilt dómaraskírteini.

**6. grein**

6.1 Aðalfund ber að halda í september eða október ár hvert. Dagskrá aðalfundar er:

1. Setning aðalfundar.
2. Kosning fundarstjóra.
3. Kosning fundarritara.
4. Ársskýrsla formanns.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
6. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Reikningar teknir til samþykktar.
8. Árgjald ákveðið.
9. Tillögur til lagabreytinga.
10. Tillögur um önnur mál.

11. Kosning formanns.
12. Kosning ritara, sem jafnframt er varaformaður.
13. Kosning gjaldkera.
14. Kosning tveggja varamanna í stjórn.
15. Önnur mál.

6.2 Allar kosningar skulu vera skriflegar og bundnar við þá sem tilnefndir eru. Atkvæðafjöldi ræður röð. Ef aðeins er tilnefndur sá fjöldi manna sem kjósa ber, eru þeir sjálfkjörnir.

6.3 Aðalfund skal boða bréflega og a.m.k. í einu dagblaði, með minnst 14 daga fyrirvara.

6.4 Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

6.5 Almennra funda boðar stjórnin til svo oft sem þurfa þykir, eða ef 10 félagsmenn hið fæsta óska þess.

**7. grein**

7.1 Halda skal gjörðabók um aðalfund og aðra almenna fundi. Einnig skal stjórn GDÍ halda gjörðabók um stjórnarfundi og störf sín.

**8. grein**

8.1 Stjórnarfundur er löglegur ef tveir stjórnarmenn hið fæsta koma á hann.

8.2 Varamenn hafa ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanna.

**9. grein**

9.1 Fari GLÍ þess á leit við GDÍ, að minnsta kosti 14 dögum fyrir glímumót, að félagið raði niður dómurum, skal það skila tillögum til GLÍ, eigi síðar en að sjö dögum liðnum.

**10. grein**

10.1 Hafi dómari sem tilnefndur hefur verið, lögleg forföll, ber honum að tilkynna það stjórn GDÍ þegar í stað og tilnefnir þá félagið annan dómara í hans stað.

10.2 GDÍ ber ekki að taka tillit til þess þótt óskir komi fram um ákveðinn dómara.

**11. grein**

11.1 GDÍ á rétt á tveimur áheyrnarfulltrúum með málfrelsi og tillögurétt varðandi málefni GDÍ á Glímuþingi og skipar stjórn GDÍ þá.

**12. grein**

12.1 Breytingar á lögum þessum er einungis unnt að gera á lögmætum aðalfundir GDÍ og þarf samþykki minnst 2/3 greiddra atkvæða.

12.2 Lagabreytingar öðlast ekki gildi fyrr en stjórn GLÍ hefur staðfest þær

**13. grein**

13.1 Tillögur um að leggja GDÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi.

13.2 Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta greiddra atkvæða.

13.3 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum félagsmönnum GDÍ grein fyrir henni í fundargerð aðalfundarins og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs aðalfundar.

13.4 Verði tillagan þá samþykkt aftur óbreytt, er það fullgild ákvörðun um að leggja GDÍ niður. Skal þá afhenda GLÍ eignir GDÍ til varðveislu.

**14. grein**

14.1 Lög þessi öðlast gildi þegar stjórn GLÍ hefur staðfest þau.

Staðfest á stjórnarfundi GLÍ 30. mars 1986. Breytingar staðfestar á stjórnarfundi GLÍ 25. mars 1992 / 14. apríl 1993 / 29. okt. 1996.